

Einkafrankvæmdir
Opna marga
valkosti



MBA-nám á Íslandi
Alþjóðlegar áherslur
af ólíkum toga

6

Samningatækni við HÍ
Samningar eru
alls staðar



14



BROS Á VÖRUM Neytendur líta lífið og tilveruna björtum augum ef væntingavísitala Gallup segir rétta sögu.

Bjartsýnin allsráðandi

Neytendur eru bjartsýnir um þessar mundir. Þetta sýnir væntingavísitala Gallup sem birt var í gær. Stendur hún nú í 139,8 stigum. Er það þriðja hæsta gildi hennar frá upphafi.

Aukinnar bjartsýni gætir í öllum undirflokkum vísitölunnar. Mest er bjartsýnin við mat á núverandi ástandi. Sú vísitala er 165,4 stig og hefur aldrei verið hærri.

Frá því að hafið var að birta væntingavísitölu Gallup árið 2001 hefur sterk fylgni verið milli hennar og einkaneyslu. Í Morgunkorni Glitnis segir að á seinni hluta síðasta árs hafi rof orðið á þeirri fylgni. Vöxtur einkaneyslu hafi verið milli eitt og tvö prósent á meðan væntingavísitalan reis úr tæplega hundrað stigum í sögulegt hámark undangengna þrjá mánuði.

- hhs

FRÉTTIR VIKUNNAR

Krónan ofmetin | Krónan er ofmetin og viðskiptahalli verður viðvarandi næstu ár. Á sama tíma árar vel fyrir hlutabréfamarkað. Þetta er meðal ályktana greiningardeildar Kaupþings sem kynntar voru í vikunni.

Hættir saman | Tveir af stærstu sparissjóðum landsins, SPRON og BYR sparissjóður, hafa sagt skilið við hina sparissjóðina í sameiginlegum markaðsmálum. Samanlagt eru sparissjóðirnir tveir með um sextíu prósent umsvifa sparissjóðanna.

Kröftug útgáfa | Í síðustu viku voru krónubréf gefin út fyrir þrettán milljarða króna. Heildarútgáfa krónubréfa í mánuðinum nam eftir þær útgáfur átján milljörðum króna. Frá áramótum nemur útgáfan 134 milljörðum króna.



Eiga helminginn | Íslendingar eiga orðið allt að helming alls hlutfjár í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket Travel Group. Hlutur Íslendinga, sem hefur vaxið frá áramótum, er metinn á um 1,6 til 1,7 milljarða króna.

VGI selt | Icelandic Group hf. hefur selt öll hlutabréf sín í fyrirtækinu VGI ehf. Kaupandi er Samhentir-Kassagerð ehf., en bæði fyrirtækin starfa á umbúðamarkaði. Samningurinn tók gildi 20. þessa mánaðar og tóku nýir eigendur þá við rekstrinum.

Að sameinast | Verði viljayfirlýsing stjórnna nokkurra lífeyrissjóða að veruleika fækkar lífeyrissjóðum á landsvísu úr 40 í 36. Heildareignir sjóðanna fimm nema tíu milljörðum króna og eru þeir lokaðir fyrir nýjum iðgjöldum.

Ósammála um virði „síðasta móhíkanans“

Síðustu viðskipti í Vinnslustöðinni eru langt yfir væntanlegu yfirtökutilboði ráðandi hluthafa. Fimm milljörðum munar á tilboðum þeirra og Landsbankans.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Hlutabréf í Vinnslustöðinni hafa síðustu daga verið að skipta um hendur á genginu 6,0-7,0 krónur á hlut sem er langt yfir væntanlegu yfirtökutilboði frá hluthafahópi í Vinnslustöðinni sem ræður yfir meirihluta hlutfjár. Í síðustu viku greindi hópur undir forystu Haraldar Gíslasonar, Kristínar Gísladóttur og Sigurgeirs Brynjars Kristgeirssonar, framkvæmdastjóra útgerðarfélagins, frá því að hluthafar hefðu gert með sér samkomulag um stjórnun og rekstur félagsins og myndu þar af leiðandi leggja fram yfirtökutilboð í maí á genginu 4,6 krónur á hlut en þar við bætist 30 prósentu arður. Það er sama gengi og var í síðustu viðskiptum í Kauphöll Íslands fyrir undirskrift samkomulagsins og því ekkert yfirverð um að ræða. Lokagengi Vinnslustöðvarinnar í gær var sjö krónur á hlut sem er 50 prósentum yfir tilboðsverði.

„Viðskipti voru orðin afar fátíð og menn mátu það þannig að tilgangurinn að hafa félagið á markaði væri ekki orðinn mikill,“ segir Sigurgeir Brynjar aðspurður um ástæður þess að ráðandi hluthafar hafa í hyggju taka félagið af markaði. Eignarhald Vinnslustöðvarinnar, sem nefnt hefur verið „síðasti móhíkaninn“ í Kauphöllinni, enda síðasta sjávarútvegsfélagið á Aðallistanum, er þröngt. 65-67 prósent hlutfjár eru í höndum tiltölulega þröngs hóps heimamanna og rúm þrjátíu prósent eru í eigu bræðranna Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona frá Rífi sem taldir eru áhugasamir um að styrkja stöðu sína í félaginu. Guðmundur er forstjóri Brims en Hjálmar er

stjórnarmaður í Vinnslustöðinni. „Okkur finnst þetta gengi heldur lágt. Reksturinn gekk vel í fyrra og aflahemildir hafa hækkað mikið,“ segir Guðmundur.

Það sem skýrir herra gengi gætu verið væntingar um að herra yfirtökutilboð berist. Yfirtaka stærstu eigenda er, samkvæmt upplýsingum, svar við símhringingum Landsbankans til hluthafa þar sem verið var að falast eftir bréfum fyrir allt að átta krónur á hlutinn. Talið er líklegt að Lí hafi boðið í bréfin fyrir þriðja aðila. Það er 74 prósentum herra en yfirtökutilboð ráðandi hluthafa. Miðað við tilboðið munar rúmum 5,1 milljarði á tilboði Lí og yfirtökutilboðinu. „Það er svo hverjum í sjálfsveld sett hvort þeir taka því tilboði sem gert verður,“ bætir Sigurgeir Brynjar við en vill ekkert upp gefa hvort tilboðsverð komi til með að hækka.

Mörgum finnst að markaðsvirði Vinnslustöðvarinnar hafi ekki endurspeglad raunverulegt virði félagsins og það setið eftir í samanburði við ávöxtun annarra fyrirtækja í Kauphöll, þótt ekkert fyrirtæki hafi hækkað meira það sem af er þessu ári. Það er engum vafa undirorpið að upplausnarvirði félagsins, það er þau verðmæti sem fengjust með að leysa félagið upp, til dæmis með sölu á aflahemildum, er vel yfir markaðsvirði. Hins vegar er það ljóst að ráðandi hluthafar horfa ekki til upplausnarvirðis með áformum sínum, heldur til þeirra verðmæta sem reksturinn er að skapa. Greiningardeildir Kaupþings og Glitnis meta gengi Vinnslustöðvarinnar til næstu mánaða á 4,7-4,8 krónur hlutinn út frá greiningu sem grundvallast á því sjóðsstreymi sem áætlaður rekstur skapar til framtíðar.

MISMUNANDI VIRÐI VINNSLUSTÖÐVARINNAR			
Gengi á hlut	4,6	6,5	8,0
Markaðsvirði	6.918	9.776	12.032

Markaðsvirði í milljónum

Finnskur fjárfestir í Glitni bíður dóms

Finnski fjárfestirinn Seppo Juhanen Sairanen, sem var stærsti hluthafinn í FIM Group sem Glitni eignaðist fyrir á árinu, var dæmdur í 26 mánaða fangelsi af undirrétti í Helsinki í september í fyrra.

Sairanen fékk hlutabréf í Glitni í skiptum fyrir 31 prósent eignarhlut sinn í FIM. Hlutur hans í Glitni er metinn á fimm milljarða króna sem gerir hann að átjándasta stærsta hluthafanum.

Dóminn fékk hann fyrir gróft peningþvættisbrot árið 1998, eins og Finniska fjármálaeftirlitið orðar það, en jafnframt var verðbréfamiðlari hjá FIM dæmdur til fangelsisvistar. Var þeim gefið að sök að hafa leynt eignum fyrir gjaldþrota einstaklingi. Í tengslum við þetta mál var FIM dæmt til að greiða níu milljónir króna í sekt.

Bæði Sairanen og FIM áfrýjuðu dómnum og er þess vænt að

endanlegur dómur falli snemma í haust. Eftir að dómurinn féll fór fjármálaeftirlitið fram á að Sairanen yrði sviptur atkvæðisrétti í eitt ár á meðan mál hans biði afgreiðslu.

Finnsinn eignaðist allt hlutafé í FIM árið 1992 og hófst þá mikill uppgangur félagsins. Starfsmenn voru þá fimm en voru orðnir 284 þegar Glitni keypti félagið. Seppo hefur gegnt stöðu forstjóra FIM og setið í stjórn.

- eþa

TrackWell
FORÐASTYRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

120 ÁRS 1886-2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,7%*

GBP 4,8%*

USD 5,9%*

EUR 4,3%*

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslysingar og útdráttar úr útböðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. mars – 31. mars 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-1%	-27%
Actavis	2%	23%
Alfesca	0%	-6%
Atlantic Petroleum	0%	26%
Atorka Group	4%	2%
Bakkavör	0%	11%
FL Group	-3%	15%
Glitnir	0%	16%
Hf. Eimskipafélagið	0%	5%
Kaupþing	-1%	29%
Landsbankinn	1%	30%
Marel	5%	-1%
Mosaic Fashions	2%	11%
Straumur	0%	20%
Össur	0%	13%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Mótmæla uppboði á tollkvótum

Samtök verslunar og þjónustu mótmæla því að frítollkvótur vegna innflutnings kjöts og osta skuli hafa verið boðnir upp og seldir fyrir rúmar 430 milljónir króna. Fullyrða samtökin að ef almennir kvótar vegna sömu vara verða boðnir upp í júní og seljast á svipuðu verði og í fyrra gæti ríkið haft um sex hundruð milljónir króna í tekjur af kvótasölu vegna þessara vara í ár.

Þetta er andstætt yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar

um lækkun matvöruverðs og hugmyndum um frítollkvóta, segir í tilkynningu frá samtökunum.

Samtökin kalla eftir breyttum aðferðum við úthlutun tollkvóta. Jafnframt að hugmyndir þeirra um úthlutun með hlutkesti eða úthlutun miðað við markaðshlutdeild umsækjenda verði skoðaðar. Nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að aðferðir ríkisins við úthlutun tollkvóta haldi áfram að stuðla að hærri vöruverði í landinu.

- hhs

Tryggir starfshætti tryggingasala

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sent frá sér umræðuskjal með drögum um leiðbeinandi tilmæli um starfshætti váttryggingasöllumanna, miðlara, umboðsmanna og váttryggingafélaga. Þar er meðal annars reynt að tryggja nákvæmni upplýsinga og koma í veg fyrir ósanngjarnar fullyrðingar söllumanna váttryggingafélaga í garð annarra tryggingafélaga.

Í skjalinu er lögð áhersla á að ráðgjöf váttryggingasöllumanna sé í samræmi við þarfir við-



JÓNAS FR. JÓNSSON
forstjóri FME.

skiptavinarins og að hann gæti þess að fara ekki með ónákvæmar upplýsingar.

Þá er áhersla lögð á mikilvægi upplýsingaskyldu váttryggingasöllumanna sem skulu eftirleidis upplýsa um mikilvægustu atviki tryggingaskilmála, takmarkanir, undantekningar og reglur sem geta orðið til hækkunar eða lækkunar iðgjalda. Loks er lögð áhersla á að váttryggingasöllumaður skýri váttryggingartaka frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans, að sögn FME.

- jab

Afkomuviðvörðun í kjölfar Íslandssölu

Hagnaður af Vesttind til Brims nam 434 milljónum.

Norska útgerðarfyrtækið Aker Seafoods sendi frá sér jákvæða afkomuviðvörðun til Kauphallarinnar í Osló eftir að félagið seldi frystitogarann Vesttind til Brims hf. fyrir tvo milljarða króna. Hagnaður af sölu togarans nam rúmum fjörutíu milljónum norskra króna sem gera um 434 milljónir króna.

Aker Seafoods, sem er að langstærstum hluta í eigu Kjells Inge

Rökke, losar með þessu fjármuni upp á 1,1 milljarð króna eftir að kaup á nýju skipi hafa verið talin með. Þeir verða nýttir til nýrra viðskiptatækifæra.

Brim mun gera skipið út á bol-fiskveiðar og jafnvel til rækjuveiða ef réttar rekstrar- og markaðsaðstæður skapast. Skipið, sem var smíðað árið 2003, verður afhent Brimi í júní.

- epa

Helmingsveltuaukning með hlutabréf OMX

Kauphallarsamstæðan OMX skilaði hagnaði upp á 257 milljónir sænskra króna á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir 2,4 milljörðum íslenskra króna. Samstæðan rekur kauphallir víða á Norðurlöndunum, meðal annars hér, og í Eystrasaltlöndunum. Til samanburðar nam hagnaður samstæðunnar 244 milljónum sænskra króna á sama tíma í fyrra. Það jafngildir rétt rúmlega 2,3 milljörðum íslenskra króna.

Tekjur samstæðunnar námu 1.062 milljónum sænskra króna, 10,1 milljarði íslenskra króna á tímabilinu, samanborið við 903 millj-

ónir sænskra króna, 8,6 milljarða íslenskra króna, á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður OMX á þessu þriggja mánaða tímabili nam 348 milljónum sænskra króna og hefur aldrei verið meiri. Það jafngildir 3,3 milljörðum íslenskra króna.

Ein helsta ástæða að baki vexti kauphallanna er aukin viðskipti með hlutabréf. Jókst veltan um helming frá fyrsta fjórðungi síðasta árs til þessa. Hér á landi er svipaða sögu að segja. „Það hefur verið gríðarlega mikil veltan í kauphöllum OMX,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri íslensku kauphallarinnar. „Við eigum ágætt framlag til þessarar þróunar. Veltan á íslensku hlutabréfamarkaðnum hefur aukist mikið. Það eru töluvert meiri umsvif á markaðnum nú miðað við fyrsta ársfjórðung í fyrra, sem þó var gríðarlega góður.“

- hhs



ÞÓRÐUR
FRÍÐJÓNSSON
Forstjóri íslensku kauphallarinnar.

Besti ársfjórðungur í sögu Ticket

Hagnaður félagsins jókst um 30 prósent á milli ára og velta um nærri helming. Samtök sænskra fjárfesta hrósuðu félaginu og stjórnendum á aðalfundi í Stokkhólmi.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Árið fer vel af stað hjá sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket Travel Group en fyrsti ársfjórðungur var sá besti í sautján ára sögu félagsins. Hagnaður eftir skatta nam 162 milljónum króna sem er þrjátíu prósent aukning á milli ára. Veltan var rúmir 13,5 milljarðar króna og jókst um 48 prósent. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) hækkaði um fjörutíu prósent.

„Árið fer frábærlega af stað hvað veltu og rekstrarhagnað varðar, sérstaklega í sölu á ferðalögum til einstaklinga. Vöxturinn er eðlilegrí í sölu á viðskiptaferðalögum,“ segir Lennart Käll, forstjóri Ticket, sem þakkar árangurinn markvissara sölustarfi og miklum viðsnúningi á rekstri félagsins í Noregi. Hann segir að viðskiptavinir séu fyrr á ferðinni hvað varðar kaup á ferðum fyrir næsta vetur og dvelji lengur á áfangastöðum en áður. Þetta endurspeglar í breyttri hegðun viðskiptavina: Fyrir tíu árum var fyrsta skrefið að bóka flug, svo hótél og síðast að at-

huga hvernig ætti að verja tímanum í fríinu. Nú er öldin önnur, viðskiptavinurinn velti því fyrst fyrir sér afþreyingunni áður en kemur að því að bóka flug og hótél. Til marks um stærð Ticket þá fyllir fyrirtækið 25 Boeing 737-farþegaþotur á degi hverjum og rekur 87 söluskrifstofur í Noregi og Svíþjóð.

Ticket selur ekki einvörðungu ferðalög til suðlægarí slóða heldur einnig viðskiptaferðalög, til dæmis í tengslum við fundi

og ráðstefnur. Þetta er ört vaxandi markaður í Skandinavíu eins og annars staðar í heiminum.

Fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu íslensku eignarhaldsfélagsins Northern Travel Holding (29,3%) en talið er að heildarhlutur Íslendinga nemi um helmingi hlutfjár. „Við getum ekki annað en verið ánægðir með niðurstöðuna. Fyrsti ársfjórðungur 2006 var sá langbesti í sögu fyrirtækisins og nú erum við að bæta okkur enn frekar. Ég tel að þetta verði mjög gott ár fyrir alla, hluthafa, stjórn og stjórnendur,“ segir Matthías Páll Imsland, stjórnarformaður Ticket.

Forystumenn Ticket hafa lýst yfir vilja sínum að vera í forystu á norrænum ferðapjónustumarkaði. Það er hægt annars vegar með því að stækka innan Svíþjóðar og Noregs, en jafnframt sækja inn til Danmerkur og jafnvel Finnlands. Á aðalfundi Ticket í Stokkhólmi í síðustu viku samþykktu hluthafar til lögu stjórnar um að ekki yrði greiddur arður til þess að styðja við ytri vöxt félagsins. „Við getum ekki bara staðið okkur vel með því að vaxa innan frá. Við verðum líka að taka yfir góð fyrirtæki eða illa rekin fyrirtæki sem gætu orðið betri undir okkar stjórn,“ segir Lennart.

Það vakti athygli á fundinum að Gunnar Ek, formaður hinna gagnrýnu samtaka sænskra fjárfesta, sem mæta á alla aðalfundi skráðra félaga, hrósaði stjórnendum og stjórnarformanni sérstaklega fyrir eftir að hafa spurt þá spjörnum úr allan fundinn um öll möguleg og ómöguleg atviki. Sagði hann félagið vera sterkt og stjórnendur þess hafa skýra stefnu.

TÍU VINSÆLUSTU ÁFANGASTAÐIR TICKET VETURINN 2006-2007

	Svíþjóð	Noregur
1.	Gran Canaria	Gran Canaria
2.	Phuket	Tenerife
3.	Bangkok	Lanzarote
4.	Tenerife	Phuket
5.	Hurghada	Bangkok
6.	Krabi	Madeira
7.	Fuerteventura	Lundúnir
8.	Lanzarote	Hurghada
9.	Lundúnir	Fuerteventura
10.	Miami	Amsterdam

Heimild: Ársskýrsla Ticket

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánnum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 15,2% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. janúar–2. apríl 2007. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar www.vsp.is.

Engin kaup- eða sölubókun

15,3%
ávöxtun

Peningamarkaðssjóðurinn er rekin af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluadili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslyðingu og útdrætti útboðslyðingar sem hægt er að nálgast á www.vsp.is



SPARISJÓÐURINN

Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Himinn og haf / SIA - 9070354




ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærri væntingar. Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.



HUGTAK VIKUNNAR

ÁHÆTTUDREIFING er það kallað þegar fjárfestir dreifir áhættu sinni með því að fjárfesta í mörgum tegundum verðbréfa eða gjaldmiðla. Eins mætti tala um að setja ekki öll sín egg í eina körfu.

Þetta er gert til þess að atburðir á borð við verðhrun hlutabréfa í einu fyrirtæki hafi ekki afgerandi áhrif á ávöxtun verðbréfasafnsins í heild. Sama gildir um myndir, falli einn gjaldmiðill í safni.



Búa til tækifæri í heimabyggð

Með stofnun vísindagarða og rannsóknarseturs í Skagafirði standa vonir til þess að efla atvinnulíf og bjóða ungu fólki atvinnu við hæfi í heimabyggð.

Verið Vísindagarðar ehf. er nýtt fyrirtæki sem annast rekstur kennslu- og rannsóknarstöðu í tengslum við Háskólann á Hólum, Matís og fleiri. Í dag fer fram ráðstefna milli fjögur og sex þar sem starfsemin verður kynnt. „Þetta er heilmikil uppákoma hér í húsnæði Versins á Háeyri 1,“ segir Gísli Svan Einarsson, nýráðinn framkvæmdastjóri, en Verið var stofnað í jan-

úar. „Hér verða meðal annars kynnt nýsköpunarverkefni, sjávarútvegsráðherra heldur tölu og svo verður fjallað um framtíð Versins.“

Verið starfar nú í 1.500 fermetra húsnæði þar sem fyrirferðarmest er starfsemi Háskólans á Hólum og fyrirtækisins Iceproteín. „Hér verður til vettvangur og aðstaða fyrir samstarf skóla, rannsóknaraðila og atvinnulífs líkt þótt hefur skila árangri erlendis,“ segir Gísli. Hann segist finna fyrir miklum áhuga á starfseminni og þegar sé farið að huga að stækkun húsnæðis



GÍSLI SVAN EINARSSON í Verinu verður lögð sérstök áhersla á umhverfismál. „Þetta er kannski tiskumál í stjórnárum, en um leið framtíðarmál fyrir atvinnulífið,“ segir Gísli.

Versins. „Við teljum hér vera kjöraðstæður fyrir vísindasamfélag sem getur styrkt bæði samfélagið, frumkvöðlastarf og frekari þróun fyrirtækjanna.“

Lífið eftir kosningar

Forsvarsmenn stjórnmalaflokka sitja fyrir svörum um hvers fyrirtæki landsins megi vænta eftir komandi þingkosningar á hádegisverðarfundum Félags viðskipta- og hagfræðinga á Grand Hótelu á morgun.

Frambjóðendur verða spurðir út í stefnu sína í efnahagsmálum og hvaða breytingar verði í nánd komist þeir til valda. Þá verður reynt að draga upp mynd af því hvernig viðskiptaumhverfið hér á landi muni líta út eftir kosningar. Gefst gestum kostur á að spyrja frambjóðendurna. - jab

Bláa lónið metið á fjóra milljarða

Nýtt hlutafé selt fyrir hálfan milljarð til að styðja við vöxt. Grindavíkurbær selur hlut sinn í félaginu.

Bláa lónið hf. er metið á 4.060 milljónir króna, miðað við nýleg viðskipti í félaginu.

Víkurfrettir greina frá því að Grindavíkurbær hafi selt 2,19 prósent eignarhlut sinn fyrir 82 milljónir króna til Sparisjóðsins í Keflavík. Kaupgengið nam 5,8 krónum á hlut en fyrir skemmstu var hlutafé Bláa lónsins aukið úr 600 milljónum króna að nafnvirði í 700 milljónir, um hálfan milljarð að markaðsvirði, á genginu fimm krónum á hlut.

„Hér er verið að fjármagna vöxt félagsins. Við erum að taka okkar fyrstu skref á alþjóðamarkaði með vörumerkið og erum að ljúka við stækkun og endurbætur á baðstaðnum,“ segir Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, í samtali við Markaðinn. Hann segir að forkaupsréttarhafar hafi skráð sig fyrir allri aukningunni og talsverð umfræftirspurn myndast.

Grímur útilokar ekki að eignarhald að Bláa lóninu verði opnað, til dæmis með skráningu félagsins í kauphöll. „Vissulega er þetta möguleiki sem við tökum til skoðunar á seinni stigum, en nú horfum við til þeirra miklu og skemmtilegu verkefna sem við okkur blasa.“ Á síðustu átta



Í BLÁA LÓNINU Nýtt hlutafé var selt fyrir hálfan milljarð króna og skráðu hluthafar sig fyrir allri aukningunni.

árum hefur vöxtur Bláa lónsins verið um þrjátíu prósent að meðaltali á ári og fer árið í ár mjög vel af stað.

Að sögn Gríms er eigendahópur fyrirtækisins þéttur og traustur. Þrír kjölfestufjárfestar fara fyrir sjötíu hluthöfum. Stærsti hluthafinn í Bláa lóninu er Hita-veita Suðurnesja með rúmlega þriðjungshlut en eignarhaldsfélag sem eru tengd Grími fara með um helmingshlut. Sparisjóðurinn í Keflavík á um sjö prósent.

- eþa

Kaupa búnað frá Svíþjóð

SPRON verðbréf hf. og Saga Capital fjárfestingarbanki á Akureyri hafa fest kaup á viðskiptakerfi frá sænska upp-lysingatæknifélaginu Orc Software sem sérhæfir sig í

hugbúnaðargerð fyrir kauphallarvískaðskipti.

Um er að ræða sams konar miðlunarkerfi og Kaupþing hefur notað við sína verðbréfa-miðlun með góðum árangri. - eþa

Hagkerfið sagt leita í jafnvægisástand

Hratt dregur úr viðskiptahalla og verðubólgumarkmið nást og haldast í lok árs. Um leið eykst atvinnuleysi að því er segir í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Gert er ráð fyrir miklum samdrætti í fjárfestingu við lok núverandi stóriðjuframkvæmda og smávægilegum samdrætti í einkaneyslu á þessu ári í nýrri þjóðhagsspá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hagkerfið er sagt leita jafnvægis í því sem kalla mætti mjúkri lendingu þar sem verðbólga muni ná 2,5 prósentu verðubólgumarkmiði Seðlabankans á síðari hluta þessa árs og haldist innan marka næstu ár.

„Samdráttur þjóðarútgjalda verður mun meiri en í síðustu niðursveiflu, af stærðargráðu sem ekki hefur sést áður,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofunnar, en hann kynnti spána í gærmorgun. Engu að síður er því spáð að á þessu ári verði hagvöxtur tæplega eitt prósent vegna viðsnúnings í utanríkisviðskiptum. Í fyrra var hagvöxturinn 2,6 prósent og 5,5 prósent árið áður. Þá er því spáð að viðskiptahallinn dragist hratt saman í ár og verði tæp 16 prósent landsframleiðslu vegna stórfelldrar aukningar í útflutningi á áli og mikils samdráttar innflutnings. Í fyrra nam viðskiptahallinn 26,7 prósentum af landsframleiðslu.

Þorsteinn segir við hæfi að tala um „snertilendingu hagkerfisins“ en samkvæmt spánni dragast þjóðarútgjöld saman á næsta ári, en aukast á ný 2009 með vaxandi einkaneyslu og jafnvægi í fjárfestingu. „Vegna áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum er spáð að hagvöxtur verði tæp 3 prósent bæði árin,“ segir í spánni. Um leið og dregur úr framleiðsluspennu eru líkur á að atvinnuleysi aukist heldur, en í fyrra var það að meðaltali 1,3 prósent. Á næsta og þarnaæsta ári er spáð 3,2 og 3,4 prósentu atvinnuleysi og segir Þorsteinn það nær því sem eðlilegt geti talist. „Jafnvægisstig verðubólgu er nálægt þremur prósentum,“ segir hann.



ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON Þorsteinn, sem er skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, kynnti í gærmorgun nýja og endurskoðaða þjóðhagsspá ráðuneytisins. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

Spá ráðuneytisins er engu að síður nokkurri óvissu háð. Til að mynda er í henni ekki gert ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum. Komi til slíkra framkvæmda verða áhrifin á hagkerfið engu að síður minni en af þeim framkvæmdum sem nú er að ljúka því á hagsveifluna juku breytingar á húsnæðislanamarkaði og aðrar ytri aðstæður. „Miðað við að stjórnvöld beiti víðeigandi mótvægisáðgerðum og að ekki komi til ófyrirséðra búhnykkja á framkvæmdatímanum, má gera ráð fyrir að slíkar framkvæmdir fái samræmst stöðugleika í efnahagslífinu,“ segir í þjóðhagsspánni.

Þorsteinn segir helstu óvissuþættina í þjóðhagsspánni snerta frekari stóriðjuframkvæmdir, ástand á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, gengi krónunnar og endurnýjun kjarasamninga á næsta ári. Hann segir horfur þó víða góðar á þessum sviðum, mikil viðskipti með krónuna á gjaldeyrismörkuðum gefi tilefni til bjartsýni og að á nýlegum fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi komið fram að horfur þættu góðar á fjármagnsmörkuðum víðast hvar.

Frá kr. 3.740.000
SANTAFE

- Fjór hjóladríf með 50/50 driflæsing
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuþjöfnun
- Hiti í framrúðu undir rúðuþurkum
- 17" álfelgur
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- Fáanlegur 7 sæta

Santa FE, bsk. 2.7L V6 kr. 3.740.000

Kr. 37.593 á mánuði*

LANDLAG ÍSLENSKA
**BÍLL
ARSINS**
2007
BÍLALDAMÁNA



Með bílinn handa þér

Hefur gæðin

Bíll á mynd: SantaFE. Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Framúrskarandi

Hinnir og hafi / SIA



Við hjá TVG-Zimsen höfum verið leiðandi í flutningsmiðlun frá árinu 1894 og þær eru ófáar sendingarnar sem farið hafa í gegn hjá fyrirtækinu, innan lands sem utan. Starfsfólk þjónustudeildar er samstilltur hópur sem leggur metnað sinn í skjóta og góða þjónustu þegar kemur að því að finna hentugar flutningslausnir fyrir viðskiptavini.

Hafðu samband við rétta fólkið! Við finnum lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi!

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

Einkaframkvæmdir opna marga valkosti

Hið opinbera getur selt fasteignir fyrir 80 milljarða króna og sett verkefni í einkaframkvæmdir til að greiða niður skuldir. Í bígerð er að kortleggja hvaða verkefni verði hægt að setja í einkaframkvæmd. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson sat ráðstefnu um stöðu og horfur einkaframkvæmda hér á landi.

Verðmæti eigna hins opinbera nemur 200 milljarðum króna. Mögulegt er að selja eignir fyrir um 80 milljarða krónur, sem yrðu nýttar til að greiða niður skuldir ríkisins. Þetta yrði stærsta einkavæðing Íslandssögunnar, að sögn Davíðs Þorlákssonar, annars af tveimur höfundum skýrslunnar „Opinberar fasteignir – umfangsmesta einkavæðingin?“ sem kom út í tengslum við ráðstefnu um einkaframkvæmdir í Háskólanum í Reykjavík á mánudag.

Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á möguleikum einkaframkvæmda í nánustu framtíð, kynna hugmyndir að framtíðarsýn og skoða árangur fyrri einkaframkvæmda. Málið brennur greinilega á mönnum því ráðstefnunni lauk með spennandi pallborðsumræðum.

Skýrslan var óbeint framhald af ráðstefnu sem Viðskiptaráð Íslands hélt í mars í fyrra um þróun fasteignamarkaðarinnar og rekstur fasteigna. Í henni er tæpt á helstu einkaframkvæmdum ríkis og sveitarfélaga á síðustu árum,



RÁÐSTEFNUGESTIR ÁSAMT ÞÁTTTAKENDUM Í PALLBORÐI Húsfyllir var á ráðstefnu Háskólans í Reykjavík um einkaframkvæmdir hér á landi. Fremstir á myndinni sitja Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Mike Stevens, frá KPMG í Bretlandi, og Mike Stone, frá BAS.

kostnaðartölur skoðaðar og reynt að meta umfang opinberrar fasteignasýslu.

Nokkrir fyrirlesarar héldu erindi fyrir fullu húsi á ráðstefnunni og sögðu sína söguna hver af mismunandi leiðum einkafram-

kvæmda, svo sem í samgöngumálum, við rekstur leik- og grunnskóla og í heilbrigðismálum. Skein í gegn, að einkaframkvæmdir Íslendingar hefðu byrjað tiltölulega seint – fyrir rétt um ellefu árum, sumar síðar. Reynsln af þeim hefur hins vegar verið góð og hagkvæm, líkt og fram kom í erindi flestra, ekki síst Árna Mathiesen fjármálaráðherra sem gerði grein fyrir einkaframkvæmdum ríkisstjórnarinnar sem hefðu hafist með gerð Hvalfjarðarganga. Í haust verði farið í að kortleggja þau verkefni sem hægt verði að setja í einkaframkvæmd í framtíðinni, að hans sögn.

Davíð Þorláksson sagði einka-rekstur hafa sannað gildi sitt. Kostnaður við einkaframkvæmdir og rekstrarkostnaður við fasteignir á vegum ríkisins væri minni en ef ríkið stæði sjálft á bak við gjörninginn auk þess sem skilvirkni væri betri í einkaframkvæmdinni. Benti hann á tölur bresku ríkisendurskoðunarinnar máli sínu til stuðnings, sem sýndu að heil 70 prósent opinbera framkvæmda fóru fram úr áætlun á meðan slíkt gerðist í 20 prósentum einkaframkvæmda.

Einkaframkvæmdir eru af hinu góða, að mati Davíðs, sem benti enn fremur á að fleiri kosti en galla væri að finna með einkaframkvæmdum. Skýrðist það af því að auðvelt væri að segja upp samningi við verktaka stæði hann ekki í stykkinu. Ynni ríkið sjálft að framkvæmdinni væri samningsrof eða aðrir agnár á framkvæmdinni erfiðleikum bundnir. „Með því að koma verkefni í einkaframkvæmd er verið að opna kosti,“ sagði Davíð og benti á að annmarkar við einkaframkvæmd væru fáir ef nokkrir.

Davíð vísaði til umræðu nokkurra athugasemda bloggara sem hann hefði rekið augun í en þeir kvartu yfir því að atvinnulífið græddi á einkaframkvæmdum auk þess sem þeir fundu að því að ríkið seldi menningarsöguleg-

ar fasteignir til einkaaðila. Davíð sagði þetta misskilning. Með einkaframkvæmd væri ríkið að selja ákveðnar fasteignir og setja aðra umsýslu í hendur einkaaðila, sem ættu svo að sjá um rekstur þeirra og viðhald samkvæmt afar skýrum og oft á tíðum flóknum samningum. Áhöld eru um hvort ríkið fjármagnar verkið eða einkaaðilinn, líkt og gerð Hvalfjarðarganga, sem verktaki fjármagnaði sjálfur. Einkavæðing felur hins vegar í sér sölu ríkisins á eignum hins opinbera til einkaaðila, sem sæju um að fjármagna og reka þær í framhaldinu.

Í skýrslu Viðskiptaráðs kemur fram að einkaframkvæmdir hins opinbera á fasteignamarkaði hafa aukist nokkuð síðastliðin ár. En þær gætu verið fleiri enda á hið opinbera 84 prósent allra fasteigna sinna en leigir afganginn af einkaöðilum. Ráðuneytin eru misöflug á þessu sviði. Þannig leigir umhverfisráðuneytið rúmlega 90 prósent af því húsnæði sem ráðuneytið hefur til umræða en landbúnaðarráðuneytið einungis eitt prósent. Davíð hafði engar skýringar á þessum mikla mun en taldi helstu ástæðuna geta legið í því að umhverfisráðuneytið er yngsta ráðuneytið á meðan hitt er með þeim elstu.

Sagði Davíð að heppilegt væri fyrir ríki og sveitarfélög að selja fasteignir sínar fasteignafélögum og leigja þær svo af þeim. Slíkt væri hagkvæmara fyrir alla aðila.

BRESKA REYNSLAN

Einkaframkvæmdir hafa gefist afar vel í Bretlandi. Í máli þeirra Mike Stevens, frá KPMG, og Norman Rose, hjá breska þjónustufyrirtækinu BSA, sem tekið hafa saman skýrslu um stöðu einkaframkvæmda í heimalandi þeirra, kom fram að saga einkaframkvæmda er styttri þar en hér. Einkaframkvæmdir urðu ekki að veruleika fyrr en Verkamannaflokkurinn komst í ríkis-

stjórn fyrir áratug. Mikill skortur var í heilbrigðisgeiranum og menntamál í ólestri eftir ríkisstjórn íhaldsflokksins. Flokkurinn stóð frammi fyrir miklum ógöngum og skorti á valkostum. Var niðurstaðan sú að efla einkaframkvæmdir til muna sama ár.

Nú er svo komið að gerðir hafa verið samningar um heil 900 verkefni í tengslum við einkaframkvæmdir fyrir hið opinbera á síðastliðnum tíu árum og er 500 þeirra lokið.

Mike Stevens benti á að helsti kosturinn við einkaframkvæmdir hins opinbera væri sá að mikil hagkvæmni fengist með verkinu. Máli sínu til stuðnings benti hann á viðhald á þýrlum breska hersins sem sett hefur verið í hendur einkaaðila. Við það urðu breytingar sem auðveldaði verkið til muna og gerði umfangið ódýrara en áður.

ELDHEITT MÁL

Einkaframkvæmdir hins opinbera brennur á mörgum því æspennandi umræður spruttu upp í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Þar sátu auk Davíðs og Árna, Halldór Benjamín Þorbergsson, hinn höfundur skýrslu Viðskiptaráðs, sem hélt erindi um einkaframkvæmd í samgöngumálum, Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Inpro hf., sem ræddi um einkaframkvæmdir í heilbrigðisgeiranum, og Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla og forvígiskona Hjallastefnunnar. Auk þeirra sátu þar borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson, frá Samfylkingunni, og Árni Þór Sigfússon, frá Vinstri grænum.

Flestir voru sammála um einkaframkvæmdir í samgöngumálum og byggingu og rekstri fasteigna. En allt öðru máli gegndi um heilbrigðis-, menntamál og eftirlit með einkaframkvæmdum. Málið var mörgum hugleikið. Árni sagði menn vera komna fram úr sér í einkaframkvæmdum og lagði áherslu á að máli skipti hvað félli undir þann flokk. Útilokaði hann heilbrigðis- og menntageiranum og taldi það lýðræðislega skyldu að kjörnir fulltrúar hefðu eftirlit með framgangi einkaframkvæmdarinnar. Þar var hann á öndverðum meði við Margréti Pálu, sem í erindi sínu tæpti á skilningsleysi stjórnvalda og bæjarfulltrúa gagnvart einkareknum barna- og grunnskólum þegar hún reyndi fyrst að gera hugmyndir sínar um Hjallastefnuskólana að veruleika. Lítið hefði gerst fyrr en með nýrri bæjarstjórn í Hafnarfirði árið 1999.

Margrét sagði stjórnmalamenn og borgarfulltrúa helstu hindrunina fyrir frekari einkaframkvæmdum og vildi ekki sjá að sveitarfélög hefðu eftirlit með einkaframkvæmdum. Slíkt ætti að vera í höndum annarra, að hennar sögn.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Sölu- og kynningartækni í alþjóðaviðskiptum

Selling Strategies for International Markets

Námskeið dagana
7.-8. maí og 10.-11. maí 2007

Námskeiðin veita þátttakendum tækifæri til að móta persónulega færni í sölu- og kynningartækni í alþjóðaviðskiptum þar sem menningarmunur er oft ein helsta hindrunin. Leiðbeinandi er Chris Bowerman frá Tripos Consultants í Bretlandi.

• **Sölu- og kynningartækni í alþjóðaviðskiptum 7.-8. maí**
Selling Value to Foreign Buyers
Verð 34.500 kr.

• **Kynningartækni í alþjóðaviðskiptum 10.-11. maí**
Making persuasive sales presentation to foreign buyers
Verð 34.500 kr.

Takmarkaður þátttakendafjöldi. Verð er 64.800 kr. ef tekið er þátt í báðum námskeiðunum. Námskeiðin eru haldin á Radisson SAS Hótel Sögu og er kennt frá kl. 9.00-17.00.

Áhugasamir eru hvattir til að skrá þátttöku í síma 511 4000 eða með tölvupósti á utflutningsrad@utflutningsrad.is.

Nánari upplýsingar um námskeiðið veita Hermann Ottósson, forstöðumaður hermann@utflutningsrad.is og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri inga@utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Miðlaðu á markvissan hátt með Netvision



NETVISION

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

Hjólað í vinnuna

UM ALLT LAND



Ísland
á iði
Hreyfa sig!



2.-22. maí



Kept er um:

1. Flesta þáttökudaga; hlutfallslega miðað við fjölda starfsmanna í fyrirtækinu.
2. Flesta kílómetra; hlutfallslega miðað við fjölda starfsmanna í fyrirtækinu.

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðunni: isi.is

Fyrirtækjakeppni um allt land

AUKIN ORKA – MEIRI KRAFTUR

VERTU MEÐ!

Ólympíufjölskyldan:

VISA

SJÓVÁ

GLITNIR



Aðrir styrktaraðilar:



ÖRNINN



Alþjóðlegar áherslur af

Í maí rennur út umsóknarfrestur fyrir næstu hópa í MBA-námi Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Grunntvert er að hafa í huga ef valið stendur þeirra á milli. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir ræddi við fjóra fyrrum og námið hafi snúið þeirra vinnuferli til betri vegar.

Frjá því að Háskóli Íslands reið á vaðið með MBA-nám fyrir tæpum fimm árum síðan hafa rúmlega fjögur hundruð manns útskrifast þaðan og frá Háskólanum í Reykjavík. Fjöl margar gerðir MBA-náms eru til í heiminum enda er það meðal vinsælasta framhaldsnáms á háskólastigi í heimi. Með nokkurri einföldun má segja að því megi skipta í tvo flokka. Annars vegar MBA-nám í dagskóla og hins vegar svokallað Executive MBA. Í MBA-námi í dagskóla er algengt að

nemendur komi beint úr grunnnámi og hafi litla starfsreynslu. Ekki er gert ráð fyrir að unnið sé samhlíða því námi.

Bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík fylgja hinni leiðinni. Executive MBA er yfirleitt skipulagt svo að nemendur geti unnið samhlíða náminu. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir umtalsverðri starfsreynslu og er ekki óalgengt að meðalaldur nemenda sé í kringum 35 ár. Vinsældir þeirrar leiðar koma ekki síst til af því að nemendur læra ekki einungis af bókum sínum og kennurum

heldur ekki síst hverjir af öðrum.

Þótt HÍ og HR fylgi skilgreiningunni að sams konar prógrammi er margt sem skilur á milli námsins. Í báðum skólum er viðurkenndum alþjóðlegum fyrirmyndum fylgt og lögð er rík áhersla á að búa nemendur undir alþjóðlegt umhverfi. Nálgunin að því alþjóðlega er hins vegar gjörólík.

Í Háskóla Íslands er talið mikilvægast að miða námið við íslenskar aðstæður, stundakennarar eru íslenskir og námið fer að mestu leyti fram á íslensku. Erlendir gestakennarar

MBA-nám við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands tekur árlega á móti í kringum 40 manns í tveggja ára MBA-nám. Í vor munu 39 einstaklingar útskrifast og bætast þá í hóp þeirra 135 einstaklinga sem útskrifast hafa með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands. MBA-námið skiptist í kjarna og valnámskeið, auk lokaverkefnis. Ellefu námskeið mynda kjarnann. Valnám-

skeiðin eru um tíu talsins og hver nemandi velur þrjú þeirra. Gert er ráð fyrir að nemendur leggi 25 til 35 stundir í vinnu að meðaltali á viku. Kennir er föstudaga og laugardaga aðra hverja viku. Kennslan fer fram á íslensku og ensku. Umsóknarfrestur í næsta MBA-hóp er til 2. maí næstkomandi en áfram er tekið á móti um-

sóknum eftir þann tíma. Umsækjendur verða að hafa lokið grunnnámi í háskóla og búa yfir þriggja ára starfsreynslu. Aðrir þættir geta þó verið metnir þessu að jöfnu, svo sem reynsla af stjórnun eða sérfræðistörfum. Námið kostar 2,1 milljón króna. Kennslugögn eru ekki innifalin í þeirri upphæð.



Keyrslan borgaði sig

ÁSGEIR BALDURS, forstjóri VÍS

Ásgeir Baldurs, forstjóri VÍS, útskrifaðist úr MBA-námi við Háskóla Íslands árið 2004. Þegar Ásgeir hóf námið var hann forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá VÍS. Í dag gegnir hann stöðu forstjóra váttryggingafélagsins. Það hefur hann gert frá því í upphafi ársins 2006.

Fyrir hafði Ásgeir BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði. Í því námi hafði hann lagt áherslu á fjármálatengd valfög. Þeim áherslum hélt hann áfram í MBA-náminu. Ásgeir segist hafa getað nýtt námið beint í starfi sínu. Það sem hann lærði hafi bæði átt vel við fyrri starf hans auk þess sem það hafi átt sinn þátt í þeim breytingum sem urðu á högum hans. Það sé meðal annars náminu að þakka að hann er í dag forstjóri VÍS.

„Námið við Háskóla Íslands stóð vel undir þeim væntingum sem ég hafði gert til þess og hefur gert mikið gagn. Ástæðan fyrir því að ég valdi Háskóla Íslands var að ég taldi námið þar vera fræðilegt sem hentaði mér mjög vel. Ég var fyrir með góð sambönd í atvinnulífinu. Í starfi gefst manni hins vegar ekki tækifæri til að



lesa kennslubækur á hverjum degi eins og maður gerir í námi. Þannig upplifir maður allar nýjustu stefnur og strauma og er með puttann á púlsinum.“

Ásgeir ber gæðum MBA-námsins vel söguna. „Gæði kennslunnar voru mikil. Námið var mjög vel upp sett og gerðar voru miklar kröfur til nemenda. Það var metnaður í þessu. Þá var ekki síst mikils virði að vera í

samstarfi við fólk úr öðrum geirum og á öllum aldri. Hópastarfið og þetta tengslanet sem myndaðist var mjög gott og skapandi.“

Ásgeir var í fullu starfi samhlíða náminu. „Það þurfti gott samkomulag innan fjölskyldunnar og skilning vinnuveitanda. Þar sem það var fyrir hendi hjá mér gekk þetta vel upp. En þetta var vissulega mikil keyrsla meðan á þessu stóð.“

Umsjónarkennarar námskeiða í kjarna MBA-námsins:

Árelía Eyðis Guðmundsdóttir, lektor
Ársæll Valfells, lektor
Einar Guðbjartsson, dósent
Gylfi Magnússon, dósent
Ingjaldr Hannibalsson, prófessor
Kristján Jóhannsson, lektor
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor
Snjólfur Ólafsson, prófessor
Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent

Aðrir kennarar í MBA-náminu, kjarnanámskeiðum eða valnámskeiðum:

Eðvald Möller, aðjúnkt
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor
Haukur C Benediktsson, lektor
Inga Jóna Jónsdóttir, lektor
Páll Jensson, prófessor
Þóra Christiansen

Meðal gestafyrirlesarar í MBA náminu 2005-2007*

Michael Czinkota, Georgetown University
Michael E. Porter, Harvard Business School
Christian Ketels, Harvard Business School
Juuso Töyli, Helsinki School of Economics
Robin Speculand, Bridges Consultancy Int
Geert Hofstede, University of Limburg
Flemming Pouffelt, Copenhagen Business School

Besta fjárfestingin hingað til

Þegar Elísabet Sveinsdóttir hóf MBA-nám við Háskóla Íslands fyrir tæpum tveimur árum gegndi hún fullu starfi sem forstöðumaður einstaklingssviðs á markaðsdeild Glitnis. Hún var því á kafi í náminu á þeim tíma er Glitnir var að leggja Íslandsbankanafninu. „Ég hef farið í gegnum þetta nám með brjáláðri vinnu. En þetta hefur líka verið gríðarlega kraftmikill tími. Ég er ekki frá því að ég muni sakna hans þegar þessu lýkur,“ segir Elísabet sem útskrifast úr náminu í vor.

Í febrúar síðastliðnum söðlaði Elísabet um og hóf störf sem forstöðumaður viðskiptaþróunar á sölu- og markaðssviði Icelandair. „Þetta var tækifæri sem ég gat ekki hafnað. Ég myndi þó ekki mæla sérstaklega með því að skipta um vinnu í miðju MBA-námi. Maður þarf að vera mjög einbeittur á

þessum tíma og allt aukarask á lífinu er slæmt. En þetta hefur gengið ljóm- andi vel enda ríkir góður skilningur á vinnustaðnum. Maður fer heldur ekki í gegnum svona nám nema með því að hafa hundrað prósent stuðning vinnuveitanda.“

Elísabet segir námið hafa nýst sér vel í störfum sínum, bæði hjá Glitni og Icelandair. Hún segist oft hafa nýtt sér þann möguleika að samnýta verkefni fyrir vinnuna og skólann. Það styðji skólinn enda gangi námið að miklu leyti út á nán tengsl við atvinnulífið.

Fyrir hafði Elísabet próf í hagnýtri fjölmiðlun og markaðsfræði. Hún er ánægð með þá þekkingu sem hún hefur viðað að sér í náminu. „Ég er miklu sterkari, hef miklu yfirgripsmeiri þekkingu á rekstri og öðrum grunnþáttum míns starfs.“ Elísabet er

líka ánægð með uppbyggingu og gæði námsins. „Það er faglegur blær yfir öllu náminu sem er bæði hagnýtt og hnitmiðað. Þar fyrir utan eru kennararnir mjög hæfir. Þeir hafa mikinn metnað fyrir hönd nemenda og eru alltaf boðnir og búnir að veita aðstoð. Svo má ekki gleyma tengslamynduninni. Vinnan með öllu þessu fólk úr ýmsum mismunandi greinum stendur upp úr.“

„Á heildina litið er ég í skýjunum með námið. Ég held að það hafi verið eitt af mínum gæfusporum að fara í MBA-nám við Háskóla Íslands,“ segir Elísabet. „Þetta er tvímælaust mín besta fjárfesting hingað til.“

ELÍSBET SVEINSDÓTTIR, forstöðumaður viðskiptaþróunar á sölu- og markaðssviði Icelandair.





Framtíðin er í okkar höndum

Framtíðin felst í hátækni - Sjá stefnu Samtaka iðnaðarins og áskorun tilríkisstjórnarinnar á www.si.is



hreinn ávinningur

MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL 2007



ÍSLANDSMEISTARAMÓT SI OG ÞJÓNUSTUIÐNGREINA

fer fram 1. og 2. september 2007 í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal



● **EVROÞUBLÓMIÐ ER SAMEIGINLEGT UMHVERFISMERKI STJÓRNVALDA Á EVRÓPSKA EFNAHAGSVÆÐINU.**

Evróþblóminu var komið á fót 1992. Evróþblómið er að mörgu leyti hliðstætt Svaninum og byggist á sömu hugmyndafræði. Bæði eru umhverfismerki af gerð 1 (skv. ISO 14024) en markaðssvæði Blómsins er eðlilega mun stærra. Evróþblómið hefur hins vegar þróað hægari en Svanurinn enda fleiri sjónarmið sem þarf að samræma áður en viðmiðunarreglur eru gefnar út. Nú fást yfir 300 vörutegundir merktar Evróþblóminu á Evrópska efnahagssvæðinu. Um er að ræða vörur innan 20 vöruflokka, svo sem tölur, jarðvegsbæti, málningu, textílefni, ljósaperur og skó. Hér á landi hafa aðeins fengið örfáar vörutegundir með Evróþblóminu og ekkert íslenskt fyrirtæki hefur fengið þá vottun á vörur sínar eða þjónustu.



Væru þau hreinsiefni sem sparast hafa vegna vistvænna þrifa hjá ISS blönduð eins og venja er gætu þau farið langleiðina með að fylla hitaveitutankana í Öskjuhlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIUR

● **VISTVÆN ÞRIF SPARA MÖRG ÞÚSUND TONN AF SPILLIEFNUM**

Mikil vakning hefur orðið í umhverfismálum á síðastliðnum áratug og eru mörg fyrirtæki hérlendis farin að fylgja ákveðnum umhverfisstefnum. ISS er þar engin undantekning og að sögn Guðmundar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra ISS á Íslandi, hefur fyrirtækið fylgt virkri umhverfisstefnu í rúm tíu ár. „Á þessum tíu árum hefur okkur tekist að minnka notkun efna um 60 prósent og yfir tíu ára tímabil er það alveg gríðarlegt magn,“ segir Guðmundur. „Séu þessi efni þynnt eins og gert er gætu þau nánast fyllt hitaveitutankana í Öskjuhlíðinni.“

Öll efni sem ISS notar er umhverfisvottað og einnig hefur vatnsnotkun verið tekin í gegn. „Þó svo við vildum þá verða hreinsiefni seint umhverfisvæn, en okkar efni eru alla vega umhverfisvottað,“ segir Guðmundur. „Varðandi vatnsburðinn þá viljum við meina að hann sé ekki bara umhverfismál heldur einnig spurning um vinnuvernd, en við viljum reyna að hætta öllum óþarfa vatnsburði og vatnsnotkun.“



Guðni Þórðarson, framkvæmdastjóri Borgarplasts, segir það muna miklu að hafa gæða- og umhverfisstjórnunartönn. Sérstaklega þegar fyrirtæki eru í útflutningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vottun breytir miklu

Borgarplast hefur verið vottað einna lengst íslenskra fyrirtækja en það hefur bæði gæðavottun og umhverfisstjórnunartönn. Guðni Þórðarson, framkvæmdastjóri Borgarplasts, segir vottanirnar hafa mikið að segja varðandi markaðshlutdeild fyrirtækisins erlendis.

„Við erum með gæðavottun ISO 9001:2000, sem við fengum árið 1993, og umhverfisstjórnunartönn ISO 14001:1996 en hana fengum við árið 1999,“ segir Guðni en fyrirtækið var með þeim fyrstu hér á landi til að ná þessum vottunum.

Spurður hvort fyrirtækið hafi þurft að breyta miklu til þess að

ná vottunum, segir Guðni: „Við vorum með mann sem vann í átján mánuði að hvorri vottun fyrir sig. Í umhverfisstjórnuninni var fyrriferðarmesti þátturinn að farga eiturefnum úr húsinu. Þetta er fyrst og fremst starfsmönnum til góða að skipta út eða fjarlægja þau efni sem eru talin óæskileg.“

Þegar Borgarplast fékk gæðavottun árið 1993 var það fyrsta fyrirtækið hér á landi til að fá slíka vottun en annað fyrirtækið sem fékk umhverfisstjórnunartönn árið 1999. „Það var bara Álverid í Straumsvík sem var á undan okkur og fékk vottun nokkrum mánuðum áður. Þá voru tiltölulega fá fyrirtæki í heiminum sem voru með vottað umhverfisstjórnunarkerfi, ekki nema um 3.000 á þeim tíma,“ segir Guðni en í dag telur

hann að fimm eða sex fyrirtæki hafi náð umhverfisstjórnunartönn erlendis.

Guðni segir að vottanirnar hafi hjálpað fyrirtækinu mikið í útflutningi á vörum. „Þó það hafi ekki verið mikið tekið tillit til umhverfisstjórnunar hér á landi þá höfum við orðið verulega varir við það erlendis, enda hefur markaðshlutdeild fyrirtækisins aukist úr 20 prósentum í 85 prósent undanfarin ár. Hún byrjaði að rísa strax eftir að við fengum gæðavottunina og enn meira þegar við fengum umhverfisstjórnunartönn en sú vottun er mun erfiðari við að eiga þar sem hún snýst að miklu leyti um efnafræði,“ segir Guðni og bætir því við að fyrirtækið sé tilneytt til að halda umhverfismálum í góðum farvegi því það er gerð úttekt hjá þeim tvisvar á ári.

Briggs & Stratton

Akralind 4 201 Kópavogur

MHG
VERSLUN

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@mhg.is

Leysir af hólmum K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,8 cm.

Partner HP 40 bensínvæðala fyrir Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hó B&S

Skurðvagnur

DIMAS hand - kjarnabúvitar

DIMAS hringsagabúid

DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsagubúid

DIMAS kjarnabústundur

DIMAS kjarnabúar

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD

The smart way. **DIMAS**

MEST

býður upp á þjónustu fagaðila sem leiðbeina þér

hreinlætistöki

verkfæri

gólfefni




málning

timbur



hellur

múrvörur



Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

Komdu við í nýrri verslun
MEST í Norðlingaholti.



MEST
Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401
mest@mest.is / www.mest.is



– allt til bygginga



pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITTA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTUNG

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnastr viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Lágmörkun umhverfisáhrifa

Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, segir ótalmargt sem fyrirtæki geti gert til þess að vera umhverfisvænni án þess að kosta miklu til.

„Ef við skoðum umhverfismálin út frá fyrirtækjum þá er horft á hvaða þættir starfsmennar hafa mest umhverfisáhrif og það getur verið mismunandi eftir því í hvaða starfsemi fyrirtækið er,“ segir Bryndís og bætir við: „Síðan er reynt að finna leiðir til að lágmarka þau áhrif.“

Bryndís segir það geta falist í hráefnisnotkun en þá þurfi að athuga hvað kemur inn í fyrirtækið og hvað fer frá því, hvort sem það eru vörurnar sem fyrirtækið framleiðir eða úrgangur. „Þá er einnig horft til mengunar í andrúmslofti, vatni og jarðvegi. Mikið hefur verið rætt um loftslagsmál undanfarið og í því sambandi má skoða akstur fyrirtækisins, hvort mikið sé ekið og hvernig hægt sé að lágmarka útblástur frá bílum,“ segir Bryndís og nefnir sem dæmi að hægt sé að kenna sparastur auk þess að halda bílunum vel við og nýta þá vel.

„Til að byrja með þarf ekki að kosta neitt að taka upp umhverfisvænni stefnu, heldur horfa á hvað hvert fyrirtæki getur gert til að taka á þessum málum. Hægt er að byrja á að flokka úrgang, pappír, timbur og málma en það er mjög algengt að fyrirtæki byrji á því,“ segir Bryndís og bendir á að jafnvel geti verið sparnaður af því að bæta umhverfismálin. „Þar má nefna hvort mikil sóun sé innan fyrirtækisins á borð við afskurð og fleira en einnig er ódýrara að skila



Bryndís Skúladóttir er efnaverkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins og hefur þar umsjón með efnaiðnaði og umhverfismálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

flokkuðu sorpi en blönduðum úrgangi.“

Bryndís segir þó geta komið til kostnaðar þegar þessi mál eru tekin fastari tókum og farið í umhverfisstjórnun eða umhverfis-

vottun en þá sé jafnan leitað til ráðgjafa til að fara yfir umhverfismálin. „Það er í rauninni mun fleira sem fellur undir umhverfismál en fólk gerir sér almennt grein fyrir,“ segir Bryndís. - sig

Hagkvæm olíunotkun

Fyrirtækið MarOrka var stofnað árið 2002 og selur orkustjórnunarkerfi fyrir skip bæði hér heima og erlendis. Kristinn Aspelund, markaðsstjóri MarOrku, segir mikla eftirspurn eftir slíku kerfi.

„Orkustjórnunarkerfið er íslenskur tölvubúnaður sem safnar mæligögnum úr skipinu og beitir tölvumódelum til að meta hvar hægt er að gera betur í orkukerfi skipsins,“ segir Kristinn og bætir við: „Það skiptir máli undir hvaða álagi allur búnaðurinn keyrir og byggist á því að nýta olíuna á sem hagkvæmastan hátt. Um leið mengar skipið minna, þannig að þetta tengist á mjög skemmtilegan hátt.“

Kristinn segir fyrirtækið hafa starfað frá árinu 2002 en þá hóf það að selja búnaðinn í íslenska togara. „Við höfum verið að vinna okkur inn á alþjóðamarkaði undanfarið ár. Búnaðurinn nýtist hvers konar skipum svo sem flutningaskipum og fiskvinnsluskipum. Fyrirtækið hefur vaxið mjög hratt og fékk meðal annars verðlaun fyrir að vera vaxtarsproti ársins 2007 því það óx mest af öllum íslenskum sprotafyrirtækjum,“ segir Kristinn. Hann bætir



Kristinn Aspelund er markaðsstjóri MarOrku sem framleiðir orkustjórnunarkerfi til að nýta olíu í skipum á sem hagkvæmastan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

við að markaðurinn sé mjög stór og að klárlega sé mikil eftirspurn eftir orkustjórnunarbúnaðinum.

„Menn velta því mikið fyrir sér í dag hvernig þeir geta notað olíuna á sem hagkvæmastan hátt.“



567 7570 892 7544

SÖGUN • BORUN

BROT

BORTÆKNI

ÞEKKING • REYNSLA

www.bortaeckni.is

STEYPUSÖGUN

KJARNABORUN

MÚRBROT



Endurnýjunar- og
viðhaldskerfi fyrir þök



Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalaus gúmmihúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið
strax í dag þér að
kostnaðalaus

696 7282
pace@coat.is

**LÉTT
BYLGJAN**
967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



● **UMHVERFIS-
VÆNT Á VEGGINA**

Tillitssemi við umhverfið er mikilvæg og um að gera að nota frekar vörur sem ekki skaða það. Málning hf. framleiðir til dæmis umhverfisvæna innanhússmálningu sem er sérstaklega merkt 0%, en það þýðir að í henni eru engin leysiefni eða önnur efni sem eru skaðleg umhverfinu.



Íbúum höfuðborgarsvæðisins stendur til boða að fá flokkaðan úrgang sóttan heim.

Flokkaður úrgangur sóttur


Gámaþjónustan hf. hefur frá því um síðustu áramót boðið íbúum höfuðborgarsvæðisins upp á nýja þjónustu sem hefur vakið athygli: að sækja flokkaðan úrgang heim að dyrum.

Hægt er að panta sér endurvinnslutunnu heim hjá Gámaþjónustunni. Hana má fylla með pappa, fernum, málmum og plasti, og láta Gámaþjónustuna losa hana á fjögurra vikna fresti fyrir 990 krónur skiptið.

Þjónustan hefur hlotið góðar viðtökur. Til marks um það hafa á fjórða hundrað heimili þegar tekið hana í notkun og fjölgar fyrirspurnum stöðugt. Það hefur aftur orðið til þess að Gámaþjónustan hefur þurft að skipta höfuðborgarsvæðinu niður í nokkur hverfi og losar tunnur fimmtu- og föstudaga.

Á heimasíðu Gámaþjónustunnar, það er að segja www.gamar.is, er auk þess yfirlit með losunartímum. Þá er hægt að panta aukalosun en fyrir hana greiðist aukagjald.

- rve



Verndaðu fjöregg fyrirtækisins

APC varaafgjafar – tryggja öryggi tölvukerfisins

APC varaafgjafar verja viðkvæman búnað fyrir spennusveiflum og ófyrirsjáanlegu straumrofi og tryggja þannig rekstraröryggi til muna.

Áreiðanlegur og traustur búnaður

APC varaafgjafar hafa verið notaðir í skipum, íslenskum iðnaði og fjölmörgum tölvurýmum á Íslandi í á annan áratug með góðum árangri. Búnaðurinn er auðveldur í uppsetningu og viðhaldi og þekktur fyrir lága bilanatiðni og langan endingartíma.



SMART UPS

Fáanlegt í aflstærðum 750 VA til 5000 VA



SMART UPS RT

Fáanlegt í aflstærðum 1000 VA til 10 KVA

APC SMART UPS línan er hönnuð fyrir netþjóna, gagnageymslur, net- og stjórnþúnað, jafnt í almennum rekstri á tölvukerfum sem og í rekstri annars búnaðar í iðnaðarumhverfi. SMART UPS fæst í nokkrum útgáfum, bæði í 19" og frístandandi einingum.

Rafhlöður fyrir APC búnaðinn eru útskiptanlegar á meðan búnaðurinn er í fullum rekstri.

APC
www.apc.com

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

NÝHERJI

Borgartún 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | Fax 569 7799 | nyherji@nyherji.is | www.nyherji.is

Hvað er að fréttu?



Með púlsinn
á markaðnum
alla daga_

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

www.visir.is

PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði
gamalt og nýtt:
Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið
eða hvar þar sem fegurð
og gæði njóta sín.*



DANLINE gluggar



TOPLINE
gluggar og hurðir



Hafðu samband og við ráðleggjum þér

**GLUGGA- OG
GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhöllin@glershöllin.is • Heimasíða: www.glerhöllin.is

Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar

Grænt bókhald endurgjaldslaust

Landsvirkjun hefur þróað forrit sem heldur utan um bókhald á mælanlegum umhverfisáhrifum fyrirtækisins. Forritið hefur hlotið heitið Grænt bókhald.

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisuppgjör þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. Grænt bókhald á þannig að sýna mælanleg áhrif starfseminnar á umhverfið. „Grænt bókhald er einfaldlega efnisuppgjör á mælanlegum umhverfisáhrifum, öllu sorpi og allri losun,“ segir Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, en fyrirtækið hefur nú þróað forrit til að halda utan um slíkt bókhald og hefur það hlotið nafnið Grænt bókhald, enda liggur það beinast við.


Forritið er ætlað öllum fyrirtækjum sem hafa áhuga á að fylgjast með tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif af starfsemi sinni. „Hverjum sem er er frjálst að bæta við virkni þess og aðlaga forritið að eigin þörfum en hægt er að nálgast forritið á heimasíðu Landsvirkjunar og nýta það án endurgjalds,“ segir Þorsteinn Hilmarrson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Við raforkuframleiðslu eru ýmis efni losuð út í andrúmsloftið, bæði vegna brennslu eldsneytis fyrir bifreiðar og tæki, sem og losun efna sem tengist beint starfsemi aflstöðvanna. „Markmið græna bókhaldsins hjá okkur er að fylgjast nánar með þessari losun, sérstaklega losun gróðurhúsalofttegunda, og draga úr henni,“ segir Þorsteinn. „2007 verður fyrsta árið sem Landsvirkjun gerir upp í grænu bókhaldi og er það gert samfara innleiðingu nýrrar umhverfisstjórnunar.“



Landsvirkjun ætlar að færa umhverfisáhrif sín til bókar. Áhersla verður lögð á gróðurhúsalofttegundir.

MYND: GVA



130 m á hæð

„GP krana eiga á annan tug bílakra af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Nýjasta hugmyndin er að nota gúmmí-sallann í staura sem eiga að stöðva umferð, svo að minni hættu sé á að bílarnir verði fyrir skemmdum.

Dekkin notuð upp á nýtt

Hjá Gúmmívinnslnni á Akureyri hefur gúmmí verið endurunnið til fjölda ára og meðal annars unnar úr því svokallaðar öryggishellur. Öryggishellurnar eru víða notaðar, til dæmis við sundlaugar og á leikvöllum, en gúmmíð sem notað er í þær fellur til þegar verið er að sóla vörubílahjólbarða. „Þegar við sólum hjólbarðana röspum þá alveg niður og búum í raun og veru bara til nýtt dekk. Raspið sem kemur af hjólbörðunum notum við til þess að búa til þessar gúmmí-mottur eða öryggishellur,“ segir Óskar Óskarsson, framkvæmdastjóri Gúmmívinnslnnar.

Gúmmísalinn hefur einnig verið notaður til þess að búa til ýmislegt annað og er alltaf verið að prófa eitthvað nýtt. „Við höfum líka verið að framleiða millibobbinga og ýmsar umferðarvörur, hnalla og hraðahindranir og fleira,“ segir Óskar. Hann bætir því við að þeim hjá Gúmmívinnslnni finnist það mikilvægt að ekki sé verið að urða ónýt dekk þegar hægt er að nota þau upp á nýtt með því að búa til eitthvað annað úr þeim. - eó

Öryggishellurnar eru víða notaðar, meðal annars á leikskólum.



Gúmmísalinn er líka notaður í milli-bobbinga.



Hreinn ávinningur af umhverfisstarfi

Í tilefni dagsins eru félagsmenn hvattir til að beina sjónum að umhverfisstarfi



Umhverfisstarf felur í sér margvíslega kosti. Sé vel á málum haldið nýtist starfið í markaðssetningu og bætir nýtingu aðfanga og fjármuna. Einnig getur það treyst samskipti við viðskiptavinum og aukið ánægju starfsfólks.

SI

Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - mottaka@si.is - www.si.is



Velkomin í Rangárþing eystra

AFÞREYING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
EINSTÖK NÁTTÚRA
MENNINGARVIÐBURÐIR



Upplýsingamiðstöðin á Hvolsvelli

Hlíðarvegi 14, 860 Hvolsvöllur

Sími: 487 8043

Netfang: tourinfo@hvolsvollur.is

Heimasíða: www.rangarthingeystra.is

Umhverfismál ofarlega á baugi hjá MS

„Við erum með öfluga hreinsistöð á mjólkurbúinu á Selfossi, sem var tekin í notkun á síðasta ári, og segja mætti að við séum leiðandi á því sviði,“ segir Auðunn Hermannsson, sem gegnir stöðu þróunarstjóra hjá Mjólkursamsölnni.

„Við reynum að vera meðvituð um umhverfismál,“ heldur Auðunn áfram. „Við leggjum jafnframt mikið upp úr því að hafa útlit og ímynd fyrirtækisins í lagi og þar með umgengni við umhverfið. Fyrirnefnd hreinsistöð á Selfossi er gott dæmi um þá meðvitund, en með henni erum við á undan bæjarfélaginu og öðrum fyrirtækjum í að hreinsa okkar frárennsli.“

Auðunn tekur þó fram að sem stendur liggja ekki fyrir hvort fleiri hreinsistöðvar verði byggðar í bili. Ástæðan sé sú að umhverfisstefna fyrirtækisins sé

enn í mótun og þróun eftir undangengnar breytingar á fyrirtækinu. Með því vísar Auðunn í samruna Mjólkursamsölnnar og Norðurmjólkur um síðustu áramót. Í því samhengi má geta að Mjólkursamsalan og Mjólkurbú Flóamanna sameinuðust fyrir tveimur árum.

Þótt ekki sé búið að ákveða innan fyrirtækisins hvaða leiðir verði farnar á næstu stigum málsins, segir Auðunn umhverfismál engu að síður ofarlega á stefnuskránni. „Stór þáttur af því trausti sem neytendur bera til okkar framleiðsluvara, snýst að miklu leyti um að þeir séu fullvissir um að íslensk náttúra og sveitir séu hreinar og ómengaðar. Þar af leiðandi er fullkomlega eðlilegt að málefnið sé okkur hugleikið. Við munum því leggja okkur fram við að vera í fararbroddi um það sjálfir.“

roald@frettabladid.is

Auðunn Hermannsson, þróunarstjóri hjá Mjólkursamsölnni, segir umhverfismál vera forsvarsmönnum fyrirtækisins hugleikin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Svalalokanir - Svalaskjól

Yfir 20 ára reynsla



Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Sérsmíði



www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is

Sími: 554 4300 • Smiðsbúð 10 - 210 Garðabær

GLUGGAR & GARDHÚS ehf

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Blátt lón undir bláum fána

Bláfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun hafna og baðstranda. Hér á landi hafa bæði Bláa lónið og baðströndin við Nauthólsvík hlotið þetta merki, en Bláa lónið hefur tekið við fánanum nokkur ár í röö.

„Til þess að hljóta bláfánann þurfa menn að uppfylla ýmsar kröfur til dæmis hvað varðar gæði vatns, öryggismál, fræðslu í umhverfismálum og fleira en þetta merki höfum við hlotið árlega síðan 2002,“ segir Anna G. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins.

Líkt og grænfáninn er bláfáninn alþjóðlegt umhverfisverndarmerki og nú eiga 36 lönd aðild að bláfánanum, en samtökin Landvernd annast úthlutun og eftirlit með bláfánanum á Íslandi og skipu-

leggja alla framkvæmd þar að lútandi í samstarfi við Fiskifélag Íslands, Félag umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa, Hafnasambandið, Umhverfisstofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Samtök ferðaþjónustunnar og Siglingasamband Íslands og Fuglavernd.

„Við hér í Bláa lóninu viljum fyrst og fremst passa upp á það að við uppfylfum þær kröfur sem eru gerðar til okkar, en þessar kröfur breytast líka reglulega svo það er ákveðið verk að fylgja þessu eftir. Kröfurnar aukast eða breytast með hverju árinu og þá sérstaklega þær sem snúa að fræðslumálum og umgengni við náttúruna,“ segir Anna að lokum.

Verkefnið Bláfáninn nýtur stuðnings samgönguráðuneytis og umhverfisráðuneytis -mhg



Forsvarsmenn Bláa lónsins hafa fengið að draga merki bláfánans við hún undanfarin ár.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Plötusmíði

A góðumjámum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabær
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir

Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050

www.gluggasmidjan.is



Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, veitti verðlauninum viðtöku.

Lýsi hlýtur Útflutningsverðlaun

Lýsi hf. hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Katrínu Pétursdóttur framkvæmdastjóra verðlaunin sem eru veitt í viðurkenningskyni fyrir markvert framlag til að efla útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar.

Verðlaunin voru nú veitt í nítjándra sinn en Lýsi varð fyrir valinu þar sem fyrirtækið þykir góður fulltrúi fyrir þann vaxandi fjölda íslenskra fyrirtækja, sem haslar sér nú völlu á alþjóðlegum neytendamarkaði. Finna má vörur frá Lýsi hf. í um 67 löndum og enn er gert ráð fyrir vexti m.a. með tilkomu nýrrar þykkisverksmiðju sem tekin verður í notkun í haust.

Norrænt umhverfisverkefni

Sjálfbær framleiðsla í fámennum norrænum samfélögum er verkefni sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar. Verkefnið miðar að því að bæta umhverfisáhrif minni fyrirtækja í fámennum samfélögum.

Anne Maria Sparf er ráðgjafi hjá Umhverfissráðgjöf Íslands, eða Umís, og veitir ráðgjöf fyrir verkefnið hér á landi. Hún segir verkefnið enn vera á byrjunarstigi en þrjár Norðurlandþjóðir taka þátt í því: Ísland, Álandseyjar og Færeyjar. „Það fer af stað í byrjun maí og byggist á því að lítil og meðalstór fyrirtæki vinna að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif fyrirtækjanna. Þar með bæta þau samkeppnishæfi sína auk þess sem þetta hefur vonandi sparnað í för með sér fyrir fyrirtækin,“ segir Anne Maria.

Anne Maria segir þetta verkefni kjörið tækifæri fyrir lítil fyrirtæki til að taka á sínum umhverfismálum á ódýran hátt þar sem verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. „Þarna fá þau í hendur tölvuforritið EMS-light, sem ætlað er til að fylgjast með umhverfisáhrifum. Til að geta bætt sig þurfa fyrirtækin að vita hvar þau standa í dag og gera



Anne Marie Sparf er ráðgjafi fyrir verkefnið og mun aðstoða íslensk fyrirtæki til að stuðla að bættum umhverfisáhrifum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

síðan mælingar til að fylgjast með frammistöðunni til lengri tíma,“ segir Anne Maria. Hún segir að það fari eftir eðli starfseminnar í hverju fyrirtæki fyrir sig hvað það geti gert til að bæta umhverfisáhrifin.

„Þetta byrjar alltaf á umhverfisúttekt til að finna út núverandi stöðu. Þá er líka fundið út hvaða lög og reglugerðir þarf að uppfylla

í umhverfismálum eftir starfsemi hvers fyrirtækis. Þar má nefna orkunotkun, vatnsnotkun, innkaup, úrgangsmál, frárennsli og fleira.“

Umís hefur það verkefni að veita fyrirtækjunum ráðgjöf auk annarra verklegra þátta. „Ráðgjafarnir leggja fram tillögur til fyrirtækjanna um hvað þau geta gert til að bæta sig en flest fyr-

irtæki þurfa að fá hjálp í þeim efnum.“

Tíu íslensk fyrirtæki hyggja á þátttöku í verkefninu sem mun að öllum líkindum standa til loka ársins 2008. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun. Anne Maria bendir á að enn sé pláss fyrir fleiri fyrirtæki í verkefninu.

NORM-X
Hita pottar

www.normx.is

Mest seldu hita pottar á Íslandi

Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins



Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla
Þúsundir ánægðra notenda



Íslensk framleiðsla



Viðarkamínur á ótrúlega góðu verði

Skoðu heimasíðuna www.normx.is

Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.



... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

**KLEMM-
FÓÐRINGAR**



Landvélur / Straumurás 2014

LANDVÉLAR

Smiðjuvegí 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800

STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288



Allar bifreiðar stjórnarráðsins verða kolefnisjafnaðar.

Ríkisstjórnin kolefnisjafnar bifreiðar sínar

Ríkisstjórnin samþykkti nýlega að allar bifreiðar stjórnarráðsins yrðu kolefnisjafnaðar. Jafnframt verður öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum gert að kolefnisjafna vegna flugferða ríkisstarfsmanna innanlands og erlendis frá og með næstu áramótum.

Þessi samþykkt kom í framhaldi af undirritun forsætisráðherra og stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra Kaupþings á samkomulagi um stuðning við kolefnissjóðinn Kolvið.

Kolviður var stofnaður að frumkvæði Skógræktarfélag Íslands og Landverndar. Hlutverk sjóðsins er að gera landsmönnum kleift að jafna kolefnislosun sína vegna samgangna með því að beita skógrækt sem vopni í baráttunni. Á heimasíðu Kolviðar verður á ein-

feldan hátt hægt að reikna út hvað hver einstakur bíll losar mikið af koldíoxíði (CO2) á ári og hvað þarf mörg tré til að jafna þá losun. Þannig gefst landsmönnum tækifæri til þess að greiða andvirði þeirra trjáa sem þarf til þess að jafna kolefnismengun þeirra. Kostnaður fer eftir stærð bíla og árlegum akstri en þumalputta-reglan er sú að árlega þurfi einstaklingar að greiða andvirði einnar áfyllingar á bílinn.

Ráðuneyti og ríkisstofnanir hafa einnig verið hvött til þess að kaupa vistvænar bifreiðar, s.s. metanbíla, rafmagnsbíla og tvíorkubíla. Sett hefur verið markmið um að fyrir árslok 2012 verði 35 prósent af bílum í eigu ríkisins knúin vistvænum orkugjöfum. www.umhverfisraduneyti.is

Upphaf að stóru átaki

● Úrvinnslusjóður hvetur fólk til að koma ónýtum rafhlöðum í úrvinnslu. Fígúrunar Raffi og Batti kynna fólk þær umhverfsvænu aðferðir sem í boði eru.

„Við hrintum af stað kynningarátaki vegna söfnunar á ónýtum rafhlöðum til úrvinnslu,“ útskýrir Guðlaugur Sverrisson, verkefnastjóri hjá Úrvinnslusjóði. „Markmiðið er að fá almenning til að safna ónýtum rafhlöðum og skila í stað þess að henda þeim í ruslið. Við viljum vekja fólk til vitundar um þær umhverfsvænu aðferðir sem í boði eru. Almennungur ætti að kannast við kynningarátakið út frá furðufígúrunum Raffa og Batta.“

Guðlaugur segir að sem standi séu nokkrar losunaraðferðir í boði. Rafhlöður séu sundurflokkaðar hjá Efnamóttökunni og Hringrás. Efnamóttakan sendir rafhlöður sem innihalda spilliefni til Dan-

merkur til brennslu. Rafhlöður sem ekki innihalda spilliefni eru urðaðar á sérstökum reit í þar til gerðum umbúðum hjá Sorpu. Þar er auðveldlega hægt að nálgast þær á ný vilji menn endurvinnna þær.

„Ýmsar breytingar eru síðan í aðségi þar sem Evrópusambandið er stöðugt að gera strangari kröfur um losun rafhlaðna,“ bendir Guðlaugur á. „Vonandi eru að opnast góðir möguleikar á endurnýtingu rafhlaðna. Þar gegnir Hringrás lykilhlutverki, sem mun brátt taka til starfa. Hringrás mun senda rafhlöður til endurvinnslu í Þýskalandi.“

Guðlaugur Sverrisson segir markmið kynningarátaksins vera að vekja almenning til vitundar um þær leiðir sem bjóðist til að losna við rafhlöður á umhverfsvænan hátt. Olís, Efnamóttakan, Gámaþjónustan og Hringrás eru þátttakendur í kynningarátakinu ásamt Úrvinnslusjóði.



Að sögn Guðlaugs er verkefnið þó aðeins upphafið að allsherjar átaki sem Úrvinnslusjóður hyggst fara í til að bæta losun og endurvinnslu úrgangs. „Við vildum byrja á rafhlöðunum þar sem þær eru bara lítill hluti af heildarmyndinni. Næst förum við vonandi í umbúðirnar, það er pappann og plastið. Það verður af nógu að taka, enda úrgangsflokkarnir sem



tilheyra okkur margir: Tólf gerðir spilliefna, hjólabarðar, ónýtt farartæki og margt fleira. Okkar markmið er að auka skil á úrgangi.“

roald@frettabladid.is

bárujárni

B G BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.
KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanföllum árum hefur það farið í vax að geri upp gömsul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einng hefa hönnuð hús aðrir lagt bárujárnið á hlúna þrött fyrir málur síkuvælfur í hönnun. Það sitst vel á mörgum nýjum húsum. Blikkismiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakrígangi

og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikkismiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þau réttir fagmenn með ástugi reynslu eru til staðar og veita teknískar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikkismiðju Gylfa frisa réttu lausnina.



þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir



Moltugerð á Sauðárkróki

„Við erum í þann veginn að ljúka uppsetningu á jarðgerðarstöðinni en búnaðurinn er lokað moltukerfi sem var keyptur frá Finnlandi. Jarðgerðin sjálf fer þá fram inni í lokuðum tromlum,“ segir Ágúst Andrésson, framkvæmdastjóri Jarðgerðar. „Hluthafar í fyrirtækinu eru Kaupfélag Skagfirðinga, Fisk Seafood, Steinullarverksmiðjan, Sveitarfélagið Skagafjörður og Ó.K. gámaþjónustan. Það eru þau fyrirtæki sem eiga mestra hagsmuna að gæta í sorpmálum á Sauðárkróki,“ bætir hann við.

„Kaupfélagið rekur stóra fódurstöð fyrir loðdýr þar sem lífrænn úrgangur úr Kjötafurðastöð KS og Fiskiðjuni er nýttur. Þessi úrgangur mun flokkast í það að vera hráefni í loðdýra-

fóður eða fer í jarðgerð og breytist í molu en annars myndi hann fara í urðun eða eyðingu.“

Ágúst segir að þegar stöðin verði komin í full afköst fari 36 rúmmetrar af molu í gegnum hana á dag en það tekur úrganginn sjö til tíu daga að jarðgerast í tromlunum. „Við niðurbrotið hitnar tromlan þannig að það er ekki verið að eyða orku í að hita hana upp,“ segir Ágúst og bendir á að engin arfafræ lifi ferlið af því inn í tromlurnar blandast lífræni úrgangurinn öðrum lífrænum úrgangi, stöðefnum. „Stöðefnin eru til dæmis garðúr-gangur, hrossaskítur, pappakurl og fleira en til lengri tíma litið kemur lífrænt sorp frá heimilunum í Skagafirði til með að fara í moltugerð,“ segir Ágúst.



Moltukerfið var fengið frá Finnlandi og er lokað moltukerfi. Jarðgerðin fer fram í lokuðum tromlum og tekur það úrganginn sjö til tíu daga að jarðgerast.

Fermingarrúm

Fermingargjöf frá okkur:
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.



Svíf þú inn í Svefninn



Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur,
sængurverasett, dýnuhlífar,
náttborð og fleira.



Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gaffli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is





Marel Food Systems er framsækið fyrirtæki sem býður hátæknilausnir á öllum sviðum matvælavinnslu

Sameinaðir kraftar

Marel Food Systems hefur verið í mikilli sókn, bæði með yfirtökum og eigin vexti, og hefur þróast í alþjóðafyrirtæki með sameinaða sölu- og þjónustustarfsemi fyrir fjögur alþjóðlega þekkt vörumerki, *AEW Delford*, *Carnitech*, *Marel* og *Scanvaegt*. Hvert um sig er leiðandi á sínu sviði og þekkt af áreiðanleika og framúrskarandi þjónustu.

Marel Food Systems býður úrval tækjabúnaðar og heildarlausna til matvælavinnslu og hefur sérhæft sig í að koma til móts við mismunandi og oft flóknar kröfur viðskiptavina sinna í síbreytilegu markaðsumhverfi.



Fólíkum toga

tvallarmunur er á alþjóðlegri nálgun skólanna tveggja sem núverandi MBA-nema. Allir voru þeir sammála um að

eru fengir til að kenna og allar námsbækur eru á ensku. Þar er þeirri sannfæringu fylgt að íslenskt atvinnulíf sé að mörgu leyti svo sérstakt að almennt sé hafi erlendir kennarar ekki sérstakan skilning á því, sem gerð sé krafa um í Háskóla Íslands. Nemendur fá því fyrst og fremst sinn skilning á alþjóðlegu umhverfi í gegnum námsbækur sínar og erlenda gestakennara. Álitid er að eftir námið verði nemendur fullfærir um að heimfæra sjálfir fræðin yfir á alþjóðlegar aðstæður.

Í Háskólanum í Reykjavík er þvert á móti

forðast að sérsníða námið að íslenskum aðstæðum. Leitast er við að gera það sem allra líkast því sem gerist í útlöndum. Það fer að öllu leyti fram á ensku. Meira en helmingur kennaranna er erlendir og kemur hingað til kennslu í stutta stund í senn. Hinir eru Íslendingar sem margir hverjir búa og starfa erlendis. Í MBA-námi HR er gengið út frá því að viðfangsefni í íslensku atvinnulífi séu ekki einstök. Flest íslensk fyrirtæki horfi til erlendra markaða og verði sífellt alþjóðlegri að stærð og gerð. Nemendur sem starfi við sér-

íslenskar aðstæður séu fullfærir um að staðfæra þekkinguna yfir á þær.

Þeir sem hyggja á MBA-nám verða að gera upp við sig hvort þeir telji vænlegra að miða alþjóðlegt nám sitt að íslenskum eða erlendum aðstæðum. Geti þeir svarað þeirri spurningu ætti að vera vandræðalaust að velja á milli háskólanna tveggja.

Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir umtalsverðri starfsreynslu og er ekki óalgengt að meðalaldur nemenda sé í kringum 35 ár. Vinsældir þeirrar leiðar koma ekki síst til af því að nemendur læra ekki einungis af bókum sínum og kennurum heldur ekki síst hver af öðrum.



MBA-nám við Háskólann í Reykjavík

Undanfarnir þrjú ár hefur Háskólinn í Reykjavík útskrifað um fimmtíu nemendur árlega úr tveggja ára MBA-námi. Sama verður uppi á teningnum þann 2. júní þegar 52 nemendur sækja prófskrifteini sín. Frá upphafi munu þá rétt tæplega 250 manns hafa útskrifast úr náminu. Umsóknarfrestur fyrir næsta hóp

er 29. maí. Fyrri umsóknarfrestur rann út 18. apríl. Umsækjendur þurfa að hafa lokið grunnnámi í háskóla, búa yfir þriggja ára starfsreynslu og hafa góð tök á ensku. Kennt er fimmtudaga, föstudaga og laugardaga aðra hverja viku. Allt námið fer fram á ensku. Gert er ráð fyrir þrjátíu stunda vinnu á

viku að meðaltali. Fyrri árið fylgja allir nemendur sömu stundaskrá. Seinna árið geta nemendur sérhæft sig með því að velja á milli þriggja námsleiða. Námið kostar 2,6 milljónir króna. Innifalið í þeirri upphæð eru öll kennslugögn.

Kennarar við MBA-nám Háskólans í Reykjavík

Aðalsteinn Valdimarsson, Rue de Net, Ísland
Ahmad Rahnama, IESE Business School, Spánn
Allen Michel, Boston University, BNA
Ashley Braganza, Cranfield University, Bretland
Ásta Bjarnadóttir, forstöðumaður BSc-náms
David Griswold, Boston University, BNA
Eric Weber, IESE Business School, Spánn
Finnur Oddsson, forstöðumaður MBA-náms
Gerard Seijts, Richard Ivey School of Management, Kanada
Guðrún Högnadóttir, þróunarstjóri og sérfræðingur
Joe Pons, AXIOMA Consulting, Spánn
Jón Ormur Halldórsson, dósent
Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
Kári Sigurðsson, Barclays Global Investors
Kristín Friðgeirsdóttir, London Business School, UK
Marc Sachon, IESE Business School, Spain
Michael Van Biema, Columbia University, BNA
Murray Bryant, Richard Ivey School of Management, Kanada
Patrick Turner, INSEAD, Frakkland
Paul Kearns, Personnel Works Ltd, UK
Pedro Saffi, IESE Business School, Spánn
Stefán Svavarsson, dósent
Póranna Jónsdóttir, Vistor hf.
Þröstur Ólaf Sigurjónsson, lektor

Hugsar í nýjum víddum

Ari Danielsson, framkvæmdastjóri Fjármögnunar hjá Glitni, útskrifaðist úr MBA-námi við Háskólann í Reykjavík síðasta vor. Þegar hann var að ljúka grunnnámi í tölvunarfræði stofnaði hann eigið hugbúnaðarfyrirtæki. Hann hafði rekið það í sex ár þegar hann tók ákvörðun um að steypa sér í MBA-námið. „Ég valdi MBA-námið í HR með það að markmiði að læra meira um fjármál og stjórnun. Eftir örfáar vikur í náminu áttaði ég á mig svo á því að námið gekk ekki fyrst og fremst út á það. Ég lærði vissulega margt um fjármál og stjórnun. Það mikilvægasta var þó að viðhorf mitt, hæfni og hugarfarar gjörbreyttist.“

Þetta útskýrir Ari með því að í MBA-náminu við HR gangi kennsluáferðir ekki út á að koma upplýsingum frá kennurum til nemenda. Tímarnir séu frekar þannig upp byggðir að um rökræður er að ræða, milli kennara og

allra nemendanna. Þannig þjálfist þeir upp í ákveðnum hugsunarhætti og víkki sjónvildarhring sinn. „Í leiðinni eykst sjálfstraustið og stærðargráðan sem maður hugsar í. Ég fór að hugsa í allt öðrum víddum og sjá tækifæri þar sem ég hafði ekki séð þau áður. Þetta grunnþema, að ætla að læra viðskiptafræði, varð allt í einu aukaatriði,“ segir Ari. Þá nefnir hann að samstarfið við aðra nemendur hafi komið sér vel. „Ég kem úr raunvísindagrein og er analýsti í eðli mínu. Að sitja í tvö ár með fólki með til dæmis guðfræði-, félagsfræði-, læknisfræðibakgrunn var ótrúlega lærdómsríkt.“

Þegar komið var að útskrift fann Ari sig beinlínis knúinn til að skipta um starf. „Ég fékk ótrúlega óþreyju í að nota það sem ég hef verið að læra. Þá var ég líka búinn að byggja upp fyrirtæki í sjö ár. Það var komið á góðan stað og í öruggan rekstur.“ Ari seldi



ARI DANIELSSON, framkvæmdastjóri fjármögnunar hjá Glitni

hlut sinn í fyrirtækinu og réði sig sem framkvæmdastjóra fjármögnunar hjá Glitni þar sem hann hefur starfað undanfarna níu mánuði. Hann segir námið við HR nýtast sér fullkomlega í nýja starfinu. „Ég sel þetta nám hverjum sem spyr.“

Starfsframinn tók nýja stefnu

Þátttaka Hrannar Marinósdóttur í MBA-námi Háskólans í Reykjavík varð til þess að starfsferill hennar tók nýja stefnu. Áður en hún hóf nám hafði hún starfað lengi sem blaðamaður og þyrsti í breytingar. „Ég var orðin dálítið þreytt á blaðamenskunni og langaði til að gera eitthvað nýtt. Ég hafði heyrt góðar sögur af MBA-náminu í Háskólanum í Reykjavík og ákvað að láta slag standa.“

Hrönn hóf nám árið 2002 og byrjaði fljótlega að leggja drögin að framtíðardraumnum. Hún hafði lengi haft áhuga á góðri kvikmyndagerð og hafði meðal annars tvisvar staðið fyrir minni kvikmyndahátíðum hér á landi. Henni þótti skorta á fjölbreytni í kvikmyndamenningu hér á landi. Hún vann því stórt stefnumótunarverkefni þar sem hún leitaði svara við þeirri rannsóknarspurningu hvort hægt væri að halda alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. Út úr því fékk hún jákvætt svar. Því leið ekki langur tími eftir að hún útskrifaðist úr náminu þar til vinna var

hafin að fyrstu hátíðinni.

Kvikmyndaglaðir Íslendingar hafa tekið hátíðinni vel og verður hún haldin í fjórða sinn í september næstkomandi. Hrönn hefur metnaðarfullar hugmyndir um þróun hennar sem stefnt er að að verði meðal lykilkvikmyndahátíða í Evrópu í framtíðinni. Að auki rekur Hrönn kvikmyndaklúbbinn Fjalaköttinn sem sýnir tvisvar í viku í Tjarnarbíói með glænýjum og fullkomnum bíógræjum.

Bakgrunnur Hrannar var á sviði stjórn mála- og fjölmiðlafræði. Hún segist hafa fengið góða innsýn í allar helstu greinar viðskipta í náminu. „Þetta var mjög gagnlegt enda var margt af því sem ég var að læra alveg nýtt fyrir mér. Þá má ekki gleyma uppbyggingu tengslanetsins. Í hópnum var fólk úr öllum starfsgreinum sem hefur mismunandi sýn á hlutina. Þá fannst mér nálgun kennslunnar mjög praktísk á allan hátt. Hún byggist mikið á raunhæfum verkefnum og dæmisögum.“

Hrönn segir námið í Háskólanum í



HRÖNN MARINÓSDÓTTIR, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

Reykjavík hafa gefið henni það sjálfstraust að láta til skarar skríða við kvikmyndahátíðina. „Þarna hefur maður öll

verkfærin og fær þá aðstoð sem maður þarf. Maður er hvattur til þess að láta drauma sína rætast.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölur... fólk...fólk...

Margir voru í fyrstu vantrúaðir á Hjallastefnunna. Ný nálgun gæti eflaust víðar orðið til góðs.

Aukin ráðdeild með einkaframkvæmd

Óli Kristján Ármannsson

Kreddur eru aldrei til góðs og varhugavert þegar saman er blandað stjórnmálum og trúarbrögðum. Trúin er nefnilega þeim annmörkuð háð að vera ósveigjanleg og taka ekki rökum, en slíkt kann varla góðri lukku að stýra á lifandi hagkerfi þar sem bregðast þarf við breytingum. Gildir einu hvort talað er um náttúruvernd og virkjanir, skipulag heilbrigðis- og menntamála eða aðskilnað ríkis og kirkju.

Opin og upplýst umræða er farsælasta leiðin að skynsamlegri ákvarðanatöku, enda hornsteinn lýðræðisins. Ráðstefna Háskólans í Reykjavík, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og fleiri sem haldin var í fyrradag um einkaframkvæmdir hér á landi var þarft og gott innlegg í umræðuna um hvernig hér verður best á málum haldið til lengri tíma.

Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla og upphafskona Hjallastefnunnar, hafði orð á þeim ljónum sem urðu í vegi hennar við uppbyggingu einkarekinnar leikskóla og grunnskóla. Sveitarfélög sinntu ekki umleitunum hennar og bankar voru ekki trúaðir á rekstrargrundvöll fyrirtækis hennar. Í Hafnarfirði sáu svo bæjaryfirvöld sér leik á borði og frá þeim tíma hefur vöxturinn verið mikill. Hún benti á að árið 1998 hefðu 6,0 prósent leikskólalabarna verið í einkareknum skólum, en nú er hlutfallið 12,5 prósent. Á ráðstefnunni sagði Margrét Pála að ráðdeildarsemi sú sem konum væri í blóð borin hafi verið lykilkpáttur í veldingni og uppbyggingu skóla Hjallastefnunnar.

Ef til vill væri ráð að fara svipaða leið í heilbrigðiskerfinu og eftirláta öðrum skipulag og starfsemi en stýrt hafa þeirri skútu, svona gegn því að þegnum landsins verði ekki gert mishátt undir höfði þegar að þjónustunni kemur.

Á ráðstefnunni í Háskólanum í Reykjavík kynnti Viðskiptaráð Íslands skýrslu sína um þá möguleika sem fólgir eru í því að fela einkaáðilum rekstur opinberra fasteigna. Niðurstaðan er að heppilegt væri fyrir ríki og sveitarfélög að selja fasteignir sínar fasteignafélögum og leigja þær svo af þeim. Skýrslan kemur í framhaldi af ráðstefnu sem Viðskiptaráð og fleiri stóðu fyrir í Laugar-dalshöll fyrir rúmu ári síðan um þróun fasteignamarkaðarins. Með fasteignasölunni gæti ríkið losað um hátt í 80 milljarða króna og komið þar með á kopping sinni stærstu einkavæðingu til þessa. Viðskiptaráð leggur til að peningarnir verði notaðir í að greiða skuldir. Sárt væri að sjá fjárhæð sem slíka brenna upp í heilbrigðiskerfi sem virðist geta af sér almenna óánægju á fjölmörgum sviðum. Nýrjar hugsunir kann víða að vera þörf.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olirk@markadurinn.is

8 ALLRA ÁTTA
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI



*„Vegir liggja til
...Allra Átta!“*

www.8.is

→ Vefsíðuhönnun → A8 Vefumsjón → Ráðgjöf

Allra Átta ehf. · Skútuvogur 1c · 104 Reykjavík · Sími: 588 8885 · Netfang: 8@8.is · Veffang: www.8.is

Skattar hér og þar – seinni hluti

ORD Í BELG

Axel Hall
aðjúnkt við
Háskólann í
Reykjavík



Í grein minni hér fyrir viku var fjallað um þróun í skattamálum innan OECD. Ennfremur var skoðuð þróun skattthlutfalla og skattleysismarkna á Íslandi. Málefni sem hafa verið ofarlega á baugi að undanfögnu. Margir vilja hækka skattleysismörk og fyrri greinin fjallaði meðal annars um nokkra hagræna þætti þeirrar umræðu. Greinina má nálgast í Markaðunum á vef Vísis.is. Á Norðurlöndunum hafa frændur okkar kosið aðra leið en farin hefur verið hér á landi, þeir búa við fjölþrepa-skattkerfi.

Í riti OECD, Taxing Wages 2004-2005, um skatta í OECD og þróun skattthlutfalla 2000-2005 má meðal annars skoða þróunina á Norðurlöndum. Reiknaðir eru skattar aðila á grundvelli meðallauna í iðnaði og þjónustu. Ákveðin breidd launþega í tekjum er skoðuð með tilliti til skattbyrði: Eihleypir og hjón með barnafjölda o.s.frv. Teknir eru fyrir þeir sem eru með 67 prósent af meðallaunum, 100 prósent, 133 prósent og 167 prósent. Þannig eru búin til dæmi sem þjóna sem viðmið í samanburði milli landa.

TRYGGINGAGJALD OG SKATTEYSISMÖRK

Skemmst er frá því að segja að Ísland er með talsvert lægri skattbyrði í þessum tekjuhópum en hin Norðurlöndin jafnvel þó tekið sé tillit til barnabóta og annarra millifærslna. Þetta stafar einkum af því að skattleysismörkin umdeildu eru lægri en hér á landi. Skattgreiðendur byrja fyrr að greiða skatt. Enda þótt þrep séu í skattheimtu ríkisins á Norðurlöndum og skattar þannig hlutfallslega vaxandi með auknum tekjum þá er útsvar sveitarfélaga alltaf hlutfallslegt, tiltölulega hátt og leggst snemma á. Í Svíþjóð er það 31,6 prósent, í Noregi 16,2 prósent, í Danmörku 33,3 prósent og í Finnlandi 18,3 prósent. Þá má ekki gleyma að tryggingagjöld geta líka verið há. Í sumum löndum eru þau lögð á launþega og í öðrum á launagreiðendur eða báða aðila. Í Svíþjóð er tryggingagjaldið á vinnuveitendur af síðustu krónunni 32,5 prósent sem takmarkar mjög möguleika vinnuveitenda að greiða launþegum há laun.

Tafla 1 hér til hliðar sýnir yfirlitsmynd af skattkerfi Norðurlandanna.

SKATTKERFI NORÐURLANDNA JAÐARSKATTAR OG SKATTEYSISMÖRK Á ÁRI

Land	Ríki og sveitarfélög		Ríki og sveitarfélög				Tryggingagjöld	
	Skattleysismörk	Skattleysismörk	Lægsti jaðarskattur %	Hæsti jaðarskattur %	Fjöldi þrepa	Mörk hæsta jaðarskatts kr.	Tryggingagjald launþega % á jaðrinum	Tryggingagjald laungr. % á jaðrinum
Danmörk	395.650	471.413	38,78	59,78	3	3.277.794	8,0	0,0
Finnland	116.217	302.321	18,30	51,80	5	4.468.073	1,5	23,9
ÍSLAND	900.732	900.732	37,73	39,73	2	4.191.686	0,0	5,7
Noregur	645.813	896.310	28,00	43,50	3	7.828.037	7,8	14,1
Svíþjóð	98.077	243.501	31,60	56,50	3	3.808.938	7,0	32,5

UM VÍÐA VERÖLD

Horft í aðra átt

Economist | Breska tímaritið Economist segir allt stefna í stórfelldan samruna á bankamarkaði í Evrópu. Sé samruni breska bankans Barclays og hollenska bankans ABN Amro einungis forsökkurinn að því sem koma skal. Bankarnir hafa átt í samrunaviðræðum í nokkrar vikur en lyktir náðust í málinu á mánudag þegar skrifað var undir samkomulag þess efnis að Barclays kaupði hollenska banka. En fleiri sitja um ABN Amro, þar á meðal nokkrir bankar sem myndað hafa hóp undir forystu Royal Bank of Scotland. Segir Economist að vel geti farið svo að þeir fari í óvinveitt yfirtökuferli til að tryggja sér fjármálastofnunina.

Vilja hærri stýrivexti

Telegraph | Breskir sérfræðingar í efnahagsmálum gagnrýna peningamálstjórn Engelsbanka harðlega og kalla á stýrivaxtahækkun. Stýrivextir í Bretlandi eru 5,25 nú um stundir en peningamálanefnd bankans ákvað fyrr í mánuðinum að halda stýrivöxtum óbreyttum. Verðbólga rauk hins vegar upp í 3,1 prósent í síðasta mánuði, langt umfram spár og hefur ekki verið hærri í áratug. Telegraph hefur eftir sérfræðingunum að bankinn hafi misst sjónar á því peningamagni sem sé í umferð. Verði hann að herða tókin og hækka vextina hraðar en áður var gert ráð fyrir á næstu mánuðum. Vilji þeir sjá þá í allt að 7,5 prósentum fyrir næsta haust.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBREF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is. Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyrri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

SAMNINGATÆKNI

Undirstaðan er traust

Þegar Kristófer Kólumbus fetaði síðbúinn í fótspor Leifs Eiríkssonar gerði hann það á kostnað Ferdínands kónigs og Ísabellu drottningar, sem buðu honum skip, áhöfn og fjármuni til að fara með spánskan fána, kaþólska krossa og herlið til að nema lönd. Kólumbus kom konungshjónunum í opna skjöldu og tók talsverða áhættu þegar hann tilkynnti að hann myndi ekki fara fyrir leiðangrinum nema fyrir lægi skriflegt samkomulag um að hann fengi m.a. 10% alls ágóða og titil aðmírals og landsstjóra. Ferdínand og Ísabella hefðu getað varpað sæfaranum í fangelsi eða gert hann höfðinu styttri fyrir ósvífina, en eftir erfiðar samningaviðræður náðist ítarlegt samkomulag um tilhögun ferðarinnar og

umbun Kólumbusar. Krafa Kólumbusar um ítarlegan og skriflegan samning var ósvífinn þar sem hún gaf til kynna ákveðið vantraust á konungshjónin. En spurningin um traust og vantraust liggur í bakgrunni flestra samningaviðræðna.

SPURNING UM TRAUST

Traust er nauðsynlegur þáttur í öllum mannlegum samskiptum. Ákvörðun um að treysta öðrum felur alltaf í sér áhættu, því þeir sem við treystum komast í flestum tilvikum í aðstöðu til að valda okkur skaða. Því meira vantraust sem ríkir við samningaborðið, því meiri tortryggni er gagnvart þeim yfirlýsingum sem mótað-

ilinn lætur frá sér og því meiri krafa er gerð um ítarlega samninga sem slá varnagla við öllum fullyrðingum um aðgerðir hvors um sig – og því erfiðara er að ná samningum sem skapa aukin verðmæti fyrir báða aðila. Þess vegna er lykilatriði að ýta undir og efla traust við samningaborðið. Í sumum samningaviðræðum þar sem unnið er með mjög ítarlega texta um ábyrgðir, sektir og eftirlit hvarflar að manni sú hugsun að endanlegur samningur sé í raun gagnkvæm yfirlýsing um vantraust!

TRAUST OG VELMEGUN

Vantraust er dýrt. Samanburðarannsóknir sýna greinileg tengsl

milli trausts í samfélaginu og auðsöfnunar og á milli trausts og hagvaxtar (Bohnet ofl.). Í nýrri bók eftir Gert Tinggaard Svendsen og Gunnar Lind Haase Svendsen (Social Kapital. En Introduktion) er því haldið fram að ein af meginstöðum samkeppnishæfni Norðurlanda sé hlutfallslega mikið traust milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Bohnet og Zeckhauser, sem kenna við Harvardháskóla, hafa gert mjög athyglisverðar rannsóknir sem sýna fram á að langflestir ofmeta talsvert áhættuna af því að treysta öðrum – og verða þess vegna af tækifærum við samningaborðið. Ástæðan er sú að við reynum að forðast þá tilfinningu sem fylgir svikum

og setjum því tilfinningalegt álag ofaná áhættumat þegar við tökum ákörðun um að treysta – eða vantrausta – öðrum. Niðurstaðan verður órókrétt mat þar sem fólk er tilbúið til þess að verða af verulegum fjárhæðum til að tryggja sig gegn þeirri tilfinningu sem fylgir svikum. Önnur skemmtileg rannsókn sýnir að stjórnáamenn vilja frekar 1% líkur á að látast af slysförum en 1% líkur á að vera drepnir af aðstoðarmanni sínum – þó þeir verði jafn steindauðir í báðum tilvikum!

Aðalsteinn Leifsson er lektor í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann kennir meðal annars samningatækni.



SPÁKAUPMAÐURINN

Týndu börnin koma fram

Nú bið ég pollrólegur eftir að uppgjörhrinin í Kauphöllinni hefjist. Bankarnir verða í fluggír eins og greiningardeildirnir spá og sjáum við væntanlega ótrúlegar tölur. Hvaða heilvita manni hefði dott-ið það í hug að Exista ætti eftir að hagnast um fimmtíu milljarða króna á einum ársfjórðungi?

Árið hefur svo sannarlega verið stórt hjá bönkunum og ávöxtunin í Kaupþingi og Landsbankanum er orðin meiri en allt árið í fyrra. Ég er ekki sannfærður um að góð bankauppgjör muni bústa markaðinn áfram heldur miklu fremur yfirtökur og fyrirtækjakaup eins og allir búast við að verði. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að Barclays myndi taka yfir ABN Amro? Þetta er bara byrjunin á því sem koma skal í Evrópu og er ég ekki í nokkrum vafa um að Íslendingar munu eins og svo oft áður troða sér fremst.

En allur þessi eltingarleikur fjárfesta á eftir bönkunum hefur bitnað á stórum hópi fyrirtækja. Ég hef sagt áður að það séu enn þá ótrúlega mörg tækifæri á okkar smáa hlutabréfamarkaði og horfi þar sérstaklega til rekstrarfélaganna, týndu barnanna á hlutabréfamarkaði. Þau minna mig svoltið á stóra systkinið sem gufar upp þegar litla barnið kemur í heiminn. Allt í einu vill enginn af þeim vita. Ég velti því fyrir mér hvernig á þessu standi. Getur verið að fyrirsagnir eins og „Af-koman í ár verður lituð af samþættingarkostnaði“ hræði líf-tórana úr fjárfestum? Hér á ég auðvitað ekki við stóru útrásarfélögin Actavis og Bakkavör heldur smærri rekstrarfélög á borð við Alfesca, Eimskipafélagið Icelandair Group, Marel, Mosaic og Össur.

Fyrir þá sem vilja líta lengra fram á veginn en sem nemur sjónvarpsdagskrá kvöldsins eru þetta þau félög sem ég trúi að eigi hvað mest inni. Mörg þessara félaga eru annaðhvort komin langt á veg að ganga frá fyrirtækjakaupum, þar sem samþættingarkostnaður lítur uppgjörin, eða að stíga næstu skref í ytri vexti. Og flest eru þau ódýr í alþjóðlegum samanburði. Sjáið nú bara að bókfært eigið fé þeirra sumra, eins og Icelandair, er sennilega hærra en markaðsverðmæti þeirra.

Ef spádómar mínir ganga eftir um að krónan gefi eftir á seinni hluta ársins þá er sannkölluð gósentíð fram undan hjá þeim sem trúa að tími rekstrarfélaganna sé að renna upp.

Spákaupmaðurinn á horninu



Gerum það rétt,
og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður áþreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is


Gutenberg

Frumkvöðlastarf á Norðurlandi vestra

Nýverið lauk námskeiðinu Sóknarbraut sem Imprá nýsköpunarmiðstöð gekkst fyrir á Skagaströnd og Blönduósi. Sóknarbraut er hagnýtt námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja þar sem þátttakendur vinna með eigin hugmyndir eða fyrirtæki. Alls tóku ellefu frumkvöðlar frá Norðurlandi vestra þátt í námskeiðinu.

Í fréttatilkynningu frá Imprá segir að viðskiptahugmyndir þátttakendanna hafi verið af fjölbreyttum toga. Meðal þeirra eru verkefni á sviði matvælaframleiðslu, smíði og iðnframleiðslu auk margs konar þjónustu.

Þátttakendur reka sumir hverjir nú þegar fyrirtæki. Aðrir skoðuðu ný tækifæri til atvinnusköpunar í sinni heimabyggð. Fram



FRUMKVÖÐLAR Útskriftarhópurinn af námskeiðinu sóknarbraut sem Imprá nýsköpunarmiðstöð gekkst nýverið fyrir á Skagaströnd og Blönduósi.

komu margar áhugaverðar viðskiptahugmyndir. Sérstaka viðurkenningu hlaut Oddný María

Gunnarsdóttir fyrir áhugaverða og efnilega hugmynd sem tengist matvælavinnslu. - hhs

Styrkja stöðuna í Suður-Ameríku

Samskip hafa styrkt stöðu sína í frystivöru- og flutningsmiðlun í Suður-Ameríku með samstarfssamningum við argentínska flutningafélagið Transaltic SA annars vegar og brasilíska flutningafélagið Unitrader International hins vegar.

Í fréttatilkynningu frá Samskipum segir að viðræður hafi staðið yfir við forsvarsmenn argentínska félagsins í um ár áður en formlegur samstarfssamningur var undirritaður í þessum mánuði. Transaltic var stofnað árið 1999 og annast bæði frystivöru- og gámaflutninga til og frá Argentínu, auk annarrar skyldrar starfsemi, svo sem vöruhúsaþjónustu, rekstur



SAMSKIP PIONEER á siglingu.

frystigeymslna og landflutninga. Unitrader International, sem er með höfuðstöðvar í Sao Paulo, var stofnað árið 1994. Félagið rekur einnig skrifstofur í borgunum Petrolina, Recife og Itajaí. Það er sérhæft í flutningum á ávöxtum og grænmeti, pappír, plastvarningi og baðmull. - hhs

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur

- í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum	ávöxtun í evrum	ávöxtun í dollurum	ávöxtun í pundum
15,8%*	5,5%*	6,2%*	5,7%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/02/07 - 30/03/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING



ÓVÆNT HEIMSÓKN Á dögunum fékk Hulda Frímansdóttir, nemandi við kennaradeild Háskólans á Akureyri, óvænta heimsókn í kennslustund. Þangað mætti markaðsfulltrúi og sölustjóri Sparisjóðs Norðlendinga, Fjóla Björk Karlsdóttir, og afhenti henni ávisun upp á hundrað þúsund krónur. Sparisjóður Norðlendinga veitir tvo námsstyrki á ári, að þeirri upphæð, sem fara til námsmanna sem eiga í viðskiptum við sjóðinn.

Viðskiptahúsið
KASTLUNDIR • FRYSTIVÖRU • SJÁVARTVEGGUR

Framleiðsla og Iðnaður

Höfum til sölumeðferðar sérhæfð fyrirtæki og áhugaverða fjárfestingakosti á sviði framleiðslu og iðnaðar. Aðeins er um góð fyrirtæki að ræða, hvert með sína sérstöðu á markaði.

Jafnframt leitum við fyrir fjársterkan aðila, að öfluggu bakaríi á höfuðborgarsvæðinu.

Áhugasamir hafið samband við:

Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Viðar Jónsson Gsm: 898 2533
og Gisla Bogason Gsm: 863 0509

Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalóðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.vidskiptahusid.is



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

B+v Simplex

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Þörf er á stöðugri uppfræðslu

Forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík segir íslenska fyrirtækjarekendur þurfa á stöðugri uppfræðslu í Evrópurétti að halda.

Audunn Arnórsson hittir Peter Dyrberg að máli, en hann kemur hingað reglulega til kennslu.

Í haust sem leið tók Daninn Peter Dyrberg við stöðu forstöðumanns Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík. Dyrberg er sérfræðingur í Evrópurétti og auk þess að kenna það fag við HR hefur hann starfað innan og utan stofnana Evrópusambandsins í Brussel síðastliðin 20 ár. Hann segir fyrirtæki og ráðgjafa á Íslandi þurfa á stöðugri endurmenntun í Evrópurétti að halda, enda snerti þróun hans hagsmunir íslenskra atvinnulífs með beinum hætti.

Að aðalstarfi er Dyrberg nú lögmaður hjá þekktari lögfræðistofu í Brussel, en meðal viðkomustaða á ferlinum á síðustu árum var að stjórna lögfræðisviði Eftirlitsstofnunar EFTA og hann var nýlega skipaður í sérfræðinganefnd Evrópuþingsins um málefni innri markaðarins.

Dyrberg segist feginn hafa gripið tækifærið, þegar honum var boðið að koma reglulega til Íslands til að kenna við HR, enda óhætt að kalla hann „Íslandsvin“; hann hafi fallið fyrir landi og þjóð strax og hann kom hingað fyrst fyrir nokkrum árum. Að öllu jöfnu er hann við HR eina viku í mánuði, þá átta mánuði af árinu sem kennsla

stendur yfir.

Dyrberg segist verða var við mikinn áhuga nemenda hér á Evrópurétti og faglegru nálgun að málefnum Evrópusambandsins. „Fyrirtæki og ráðgjafar þurfa á stöðugri endurmenntun að halda,“ segir Dyrberg. Þróunin sé svo hröð, og í gegnum EES-samninginn snerti þessi þróun hagsmunir íslenskra fyrirtækja og atvinnulífs með mjög beinum hætti.

Dyrberg segir Ísland í þessu tilliti vera minni eyju en mörg stór lönd á meginlandinu. Þar sem íslenskt hagkerfi er mjög opið gera menn sér hérlandis almennt vel grein fyrir því hve mikilvægt það er að

fylgjast vel með og kynna sér til að mynda hvaða réttindi og tækifæri þeir hafa, vilji þeir færa út starfsemi sína til annarra landa innan EES-svæðisins. Í stóru hagkerfunum á meginlandinu sé það frekar undantekning að fyrirtækjarekendur séu mikið að velta slíkum hlutum fyrir sér.

Ástæðu þess að Norðurlöndin, með sín opnu og samkeppnishæfu hagkerfi, séu samt svo hikandi við að taka fullan þátt í Evrópusamrunanum – Ísland



Í BRUSSEL Hér getur að líta Justus-Lipsiusbyggingu ráðherraráðs Evrópusambandsins í Brussel í Belgíu.

og Noregur standa enn utan við ESB og Danir og Svíar utan evrunnar – telur Dyrberg að megi rekja að miklu leyti til þess, að Norðurlandabúar eru ekki vanir því að þurfa að beina sjónum að fleiri en einni valdamiðstöð, höfuðborg síns lands.

Þessu sé öðruvísi farið í sambandsríkjum, þar sem menn venjist því að valdamiðstöðvarnar séu fleiri en ein. Fólk í sambandsríkjum, eins og Þýskalandi, eigi því auðveldara með að venjast því að ákvarðanir teknar í Brussel hafi áhrif á líf þess. Norðurlandabúar séu meira hikandi við að sætta sig við að taka tillit til ákvarðana sem teknar eru utan þjóðríkisins.

Að mati Dyrbergs er þetta tvennt – hollusta við bæði þjóðríkið og Evrópusambandið – þó fullkomlega samræmanlegt, og þeim boðskap vill hann gjarnan koma á framfæri við Íslendinga.



PETER DYRBERG



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Þann 12. maí verður gengið til kosninga... Samkeppnishæft viðskiptaumhverfi eftir kosningar?

... Hvers mega íslensk fyrirtæki vænta eftir að talið verður upp úr kjörkössunum þann 12. maí næstkomandi?

Hvenær: Á morgun fimmtudaginn 26. apríl

Klukkan: 12:00-13:30

Hvar: Grand Hótel - Sigtúni

Verð með hádegisverði: 3.000 kr. fyrir félagsmenn FVH & 4.900 kr. fyrir utanfélagsmenn

Nánari upplýsingar og skráning

á www.fvh.is, netfanginu fvh@fvh.is og í síma 551-1317

Í pallborði sitja fyrir hönd



Framsóknarflokksins:
Jón Sigurðsson



Samfylkingarinnar:
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir



Íslandshreyfingarinnar:
Jakop Frímagn Magnússon



Vinstri grænna:
Arni Þór Sigurðsson



Sjálfstæðisflokksins:
Illugi Gunnarsson



Frjálslynda flokksins:
Jón Magnússon

Umræður leiðir Ólafur Ísleifsson,
lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík



Samhljómur Hughrif Hefð

Kr. 35.300* á mánuði.



Með bílinn handa þér

BMW 3 lína

www.bmw.is



Shear
Driving Pleasure

* BMW 318i kr. 3.750.000.
Útborgun 30%.
Lán í 84 mánuði.

Bíll á mynd: BMW 318i með 17" álfelgum og krómlistum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

Samningar eru alls staðar

Ekki er öllum gefið að ná góðum samningum. Óli Kristján Ármannsson hitti að máli Florence Kennedy, gestakennara í MPM-námi verkfræðideildar Háskóla Íslands, en hún fer um heim allan og kennir samningatækni.

„Samningar ganga ekki út á að hafa betur en viðsemjandinn heldur að ná farsælum mála-lyktum,“ segir Florence Kennedy sem hingað kom til lands fyrir skömmu á vegum MPM-náms verkfræðideildar Háskóla Íslands og Endurmenntunar Háskólans.

Florence er einn eftirsóttasti námskeiðahaldari Bretlands í samningatækni og heldur uppi merki föður síns, fræðimannsins Gavins Kennedy, en hann þróaði aðferðir og kennsluefni í svokallaðri árangursmiðaðri samningatækni með Negotek-aðferð. Hún er að taka við af föður sínum en hann er framkvæmdastjóri fyrirtækis þeirra Negotiate Ltd. en hann hefur látið af kennslu og kys að einbeita sér að því að skrifa bækur. „Hann uppgötvaði að ég get sinnt þessu,“ segir Florence hlæjandi og vitnar í skoskt máltæki sem hún kveður eiga við þarna. „Hvers vegna að halda hund og gelta sjálfur?“

YFIRVANN FEIMNINA

Florence ferðast um heim allan til námskeiðahalds, en feðginin hafa annast kennslu í samningatækni við Harriot-Watts - Edinburgh Business School þar sem Gavin Kennedy er höfundur alls kennsluefnis í samningatækni í MBA-námi skólans.

„Ég kom inn í þetta fyrir um átta árum, en hafði fram að þeim tíma stundað önnur störf. Í rauninni var það fyrir hálfgerða tilviljun að ég prófaði kennslu,“ segir Florence, sem kveðst hafa uppgötvað og það hafi í raun komið henni algjörlega á óvart, að hún unni mjög kennslu. „Þetta var bara svo ótrúlega gaman og einhver undursamlegasta tilfinning í heimi að fá að standa fyrir framan bekk af fólki og útdeila vitneskju sem það þyrstir í. Ég átti hins vegar ekki von á því að feta þessa slóð því að upplagi er ég mjög feimin og sá alls ekki fyrir mér að geta staðið svona fyrir framan fólk og kennt.“

Gavin Kennedy þróaði fræði sína á áttunda áratugnum meðan hann var í doktorsnámi og síðla á þeim áratug skrifaði hann fyrstu bókina um efnið og byggði svo upp námskeið sitt. „Ég byrjaði hins vegar að vinna fyrir hann þegar ég var fjórtán ára. En hann heldur því auðvitað fram að sem barn hafi ég kennt honum meira um samningatækni, en ég hafi lært af honum síðan. Börn hafa ekki innbyggðar neinar hömlur í að reyna að fá vilja sínum framgengt og fá það sem þau langar í, hvort sem það snýst um að borða minna grænmeti eða að fá nýtt leikfang,“ segir hún.

Á unglingsárunum hjálpaði Florence föður sínum á skrifstofunni, þreif og sinnti hinum og þessum smáverkum til að fá vasapeninga. Með námi aðstoðaði hún svo við undirbúning námskeiðahalds og kveðst ætíð hafa verið hugfangin af sögunum sem faðir hennar sagði þegar hann sneri heim frá kennsluferðum. „Áhuginn var því til staðar, en ég hélt alltaf að ég yrði of feimin til að standa í þessu.“ Gavin bað hins vegar dóttur sína eitt sinn að koma og aðstoða við námskeið og hún samþykkti. „Þá uppgötvaði ég ekki bara hversu mér þótti gaman að kenna og sjá þegar kviknar á perunni hjá einhverjum, heldur líka að ég kunni þetta allt saman, enda búin að hlusta á föður minn fara yfir fræðin árum saman og allt hafði þetta



FLORENCE KENNEDY Nemundur í MPM-námi verkfræðideildar Háskólans hlýða á Florence Kennedy þar sem hún fer yfir helstu þætti í samningatækni í tíma fyrir skömmu. Hún segir nemundur hér námfúsa, en annars sé ekki margt sem greinir þá frá meistara-námsnemum í öðrum löndum.

MARKAÐURINN/ANTON

siást inn hjá mér. Ég bauðst því til að koma aftur og vildi fá að taka aukinn þátt í námskeiðahaldinu.“

Florence segir gaman að koma hingað til lands, en hún var hér í sinni annarri heimsókn til kennslu. „Aukinheldur hentar þessi kennsluafærð mjög vel verkfræðinni þar sem nálgunin við samningaferlið er mjög kerfisbundin og hefur verið færð í ákveðna ferla. Síðast kom ég hingað í fyrra og kenndi samningatækni við MPM-námið. Það gekk vel þannig að ég var fengin til að koma aftur,“ segir hún og hlær. „Samningaferlið samanstendur af fjórum þáttum og til að ná góðum árangri í samningum þarf fólk að hafa náð valdi á samningatækninni. Þættirnir eru: undirbúningsstig, umræðustig, tillögustig og samningsstig.“

ERFITT AÐ HAFNA ALLA GÓÐA

Kennslan gekk ekki síður vel núna en í fyrra segir Florence og bætir við að íslensku nemendurnir séu áhugasamir um námið og viljugir til að taka þátt í kennslunni sem, líkt og viðfangsefnið ber með sér, kallar á þátttöku af þeirra hálfu fremur en að þeir séu bara viðtakendur þurra fræða. „Við fáum nemendurna til að taka þátt í fjölda æfinga og leikja þar sem þau eru æfð í samningatækni. Samningaferni er hlutur sem betra er að læra í verki.“ Hún segir nemundur hér hins vegar ekki frábrugðna því sem hún þekkir annars staðar að úr heiminum, utan að þeir kunni ef til vill að vera heldur vinnusamari. „Einstaka sinnum rekkst maður á nemundur sem virðast ekki mjög viljugir til að læra, en það hef ég ekki gert hér.“

Mest kennir Florence Kennedy í Evrópu þótt hún segist einnig hafa farið til Bandaríkjanna og Kanada til námskeiðahalds. „Þarna munar svolítið milli ára. Oftast er ég í Bretlandi, en svo koma ár þar sem ég er meira við kennslu á meginlandinu. Fyrirtækið okkar er alþjóðlegt að því marki að samningaferlið er eins hvar sem maður kemur. Alls staðar er verið að gera sama hlutinn, bara á öðru tungumáli. Ferlið er það sama og því getum við kennt það hvar sem er í heiminum og líka í hvaða fyrirtæki sem er.“

Florence gengur raunar svo langt að segja að ferlið sem fólk gengur í gegn um við að komast að sameiginlegri niðurstöðu sé það sama hvort sem um rísa-samninga fyrirtækja sé að ræða eða rökræður hjóna um hvert

skuli halda í sumarleyfinu. „Niðurstaðan er ef til vill ólík og stærðargráðan, en ferlið er nákvæmlega það sama.“

Markmiðið segir Florence svo að ná niðurstöðu sem allir sætta sig við. „Nálgunin sem kennd er við win/win þar sem allir sigra er sú sem flestir segja að sé best, en ég er ekki fyllilega sannfærð um að svo sé. Það er nefnilega svo erfitt að komast að þeirri niðurstöðu og nauðsynlegt að viðsemjendur taki allir heils hugar þátt í þeim leik að komast að þeirri niðurstöðu. Það er hins vegar alls ekki alltaf tilfellið.“

LYKILLINN ER JAFNVÆGIÐ

Þannig segist Florence Kennedy fremur umhugað um að fólk taki þátt í „árangursríkum“ samningaviðræðum fremur en að það „hafi betur“ í samningunum. „Góður undirbúningur er svo lykilatriði í því að ná árangursríkum samningum. Ekki dugir að hugsa bara um hvað maður vill, heldur hvað vil ég mikið og hvaða kjör og skilmála er ég tilbúin að sætta mig við. Hversu mikilvægt er þetta mér? Hvað er í húfi? Maður þarf að vita nákvæmlega hvað maður vill og síðan þarf maður að komast að því hvað mótaðilinn vill, um leið og honum er gert ljóst hvað við viljum sjálf. Við þurfum að vera opin fyrir umræðunni, spyrja spurninga og hlusta á svörin sem við fáum. Síðan þegar allt liggur fyrir kemur að vöruskiptunum, en um það snúast samningaviðræður í raun, viðskipti þar sem ég vil eitthvað frá þér og þú frá mér og þegar kemur að sjálfum samningaviðræðunum þá höfum við komist að því hvað við viljum fá hvort frá öðru. Þarna er kjarni árangursríkra samningaviðræðna.“

Þá segir Florence að góður samningamaður geri sér grein fyrir mikilvægi þess að allir séu sáttir að samningum afstöðnum. „Viðkomandi þarf að átta sig á að einar samningaviðræður taka við af öðrum. Hægt er að miða við að ná árangri í einum samningum eða horfa á sambandið við viðsemjandann. Farsæll samningamaður horfir hins vegar til beggja þátta. Lykillinn er að finna jafnvægið þar á milli,“ segir hún, en telur um leið ómögulegt að segja hversu algengt það sé að viðsemjendur nái slíkum samningum að báðir fái unað sáttir við sitt, enda milljónir samninga-umleitana í gangi í heiminum á hverri einustu stundu. „Vonandi gengur þeim sem verið hafa á námskeiði hjá mér betur við það en öðrum,“ segir hún og hlær.

LENGRI GREIÐSLU- FRESTUR



INNKAUPAKORT GLITNIS FYRIR FYRIRTÆKI

ALLT AÐ **75%** SPARNAÐUR
AF UMSÝSLU REIKNINGA

Kynntu þér kosti innkaupakortsins fyrir þitt fyrirtæki á www.glitnir.is.

GLITNIR



Lítill heimur ...

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1350 flutningabíla og tengivagna. Hjú félaginu starfa um 9500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

... hugsum stórt



EIMSKIP

BANKHÓLFID



Kjaraskertir forstjórar

Í nýjasta tölublaði Vísabendingar er góðlátlegt grín gert að flýtisvillu mbl.is fyrir helgi þar sem svissneskir forstjórar voru sagðir hæst launaðir í Evrópu. Það er satt og rétt þótt í fréttinni væri haft eftir ráðgjafarfyrirtæki að þeir væru með rétt rúma milljón á mánuði, samkvæmt sömu frétt voru franskir forstjórar með 325 þúsund kall á mánuði. Vísabending komst að því að tölurnar áttu við stjórnarmenn en ekki forstjóra, en bendir um leið á að meðallaun svissneskra forstjóra hafi hækkað um meira en 50 prósent í fyrra og nemi um 15 milljónum króna á mánuði.

Fleiri nafna-breytingar

Nafnabreytingar fyrirtækja er íþróttgrein sem hefur verið að færast í vöxt. Íslandsbanki varð að Glitni í fyrra og SPV breyttist yfir í Byr sparisjóð. Á dögnum tók Olúfúlagið upp hið frumlega nafn N1 og Kaupþing er aftur orðið Kaupþing. Nú stýttist í að Vörður Íslandstrygging hf. breyti um nafn í kjölfar kaupa Eignarhaldsfélagsins ehf. á því. Nýja heitið liggur ekki fyrir en harla ólíklegt má telja að foreldrarinn nefni barnið VÍS. Það er ágætt fyrir atvinnurekendur að hafa gamla málsháttinn í huga að gifta fylgir góðu nafni.

Toyota fer fram úr GM

Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur tekið fram úr bandaríska bílaframleiðandanum General Motors og flaggar nú titlinum umsvifamesti bílaframleiðandi í heimi. Þetta er í samræmi við áætlanir fyrirtækisins um að fara „fram úr“ bandaríska fyrirtækinu á þessu ári.

Toyota seldi tæplega 2,35 milljónir bíla á fyrstu þremur mánuðum ársins á meðan General Motors, sem hefur í nokkur ár haldið fyrsta sætinu, seldi 2,26 milljónir bíla.

Toyota hefur sótt í sig veðrið á helstu mörkuðum síðustu misserin, ekki síst í Bandaríkjunum síðasta haust þegar bílakaupendur sóttust í auknum mæli eftir sparneytnum og umhverfisvænum bílum. Á sama tíma og Toyota hefur vaxið og dafnað hefur General Motors barist við taprekstur, neyðst til að segja upp starfsfólki og loka verksmiðjum.

60%

af umsvifum sparisjóðanna koma frá BYR og SPRON sem hafa sagt sig úr samstarfi við hina sparisjóðina um markaðsmál undir heitinu „Sparisjóðirnir“.

3.500

manns voru án vinnu eða í atvinnuleit á Íslandi á fyrsta fjórðungi ársins 2007.

1/2

Íslenskir fjárfestar eiga orðið helmingshlut í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket Travel Group.

Þróunarfélag | property development

Til leigu:

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur



Laust

	Austurhluti	Vesturhluti
8. hæð		leigt
7. hæð		leigt
6. hæð		1064m ²
5. hæð	890m ²	925m ²
4. hæð	890m ²	925m ²
3. hæð	896m ²	932m ²
2. hæð	705m ²	leigt
1. hæð	450m ²	leigt leigt leigt

* hægt er að skipta þessu rými til helminga

**allar stærðir eru birt flatarmál

Þyrping reisir sérhannað 12000m² skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26. Bilastæði verða annars vegar í bílageymslu undir húsinu fyrir um 200 bíla auk bilastæða við bygginguna.

Húsnæðið skiptist í tvo misháa hluta, 8 hæðir vestan megin og 5 hæðir austan megin. Jarðhæðin skiptist upp í 4-5 rými og verður verslun og þjónusta þar en á öðrum hæðum hússins er gert ráð fyrir skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Húsnæðið verður sérhannað út frá þörfum framsækinnra fyrirtækja með frábæru útsýni. Meðal leigjenda eru 10-11, Lyfja, Spron, Baugur, Gnúpur og Samkeppniseftirlitið.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga vorið 2007.

Á vefsíðu Þyrpingar, www.thyrping.is, er að finna frekari upplýsingar auk ítarlegra teikninga af húsinu í heild og einnig hverri hæð fyrir sig.

Frekari upplýsingar gefur Þorsteinn hjá Þyrpingu í síma 594 4200.

Þyrping hf, Hátúni 2b, 105 Reykjavík

sími 594 4200

fax 594 4201

netfang thyrping@thyrping.is

vefslóð www.thyrping.is

Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is



ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

